

PFAFF
Perfection starts here.™



creative™ 1.5

Owner's Manual

Þessi saumavél er hönnuð í samræmi við staðla IEC/EN 60335-2-28 og UL1594.

ÁRÍÐANDI ÖRYGGISLEIÐBEININGAR

Þegar þið notið rafmagnstæki ætti ávallt að gæta grundvallar öryggisatriða og þar á meðal eftirfarandi:

Lesið allar leiðbeiningar áður en þið byrjið að nota saumavélina. Geymið allar leiðbeiningar á hentugum stað og nálægt vélinni. Munið að láta þriðja aðila fá allar leiðbeiningar með vélinni ef þið lánið vélina.

HÆTTA — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR RAFMAGNSSTUÐ:

- Saumavélina á aldrei að skilja eftir tengda við rafmagn, og auðvelt verður að vera að komast að rafmagnstenglinum sem vélin er tengd við. Takið vélina ávallt úr sambandi við rafmagn eftir notkun og einnig þegar þið þurfið hreinsa hana, losa um lok, smyrja eða þegar þið eruð að framkvæma einhverjar stillingar sem teknar eru fram í leiðarvísinum.

VIÐVÖRUN — TIL AÐ KOMA Í VEG FYRIR HÆTTU AF BRUNA, ELDI, RAFMAGNS- STUÐI EÐA SLYSI Á FÓLKI:

- Leyfið engum að nota vélina sem leikfang. Þið þurfið að fylgjast vel með þegar saumavélin er notuð af eða nálægt börnum.
- Notið saumavélina eingöngu í þeim tilgangi sem lýst er í leiðarvísi vélarinnar og notið eingöngu þá fylgihluti sem mælt er með af framleiðanda vélarinnar og lýst er í þessum leiðbeiningum.
- Notið vélina aldrei ef ramagnsleiðslur eða klær á þeim eru skemmdar, né ef vélin hefur skemmst eða dottið í vatn. Komið vélinni þá sem allra fyrst til næsta umboðsaðila til athugunar, viðgerðar eða stillinga.
- Notið saumavélina aldrei ef loftraufarnar á henni eru ekki vel opnar. Gætið þess vel að engin ló eða önnur óhreinindi safnist fyrir í loftraufum vélarinnar eða fótómótstöðunnar.
- Gætið þess að fingur verði ekki fyrir hreyfanlegum hlutum vélarinnar, og aðgætið sérstaklega að fingur verði ekki fyrir nálinni þegar vélin er í gangi.
- Notið ávallt viðeigandi stingplötu. Röng plata getur orsakað að nálin brotni.
- Notið aldrei bognar nálar.
- Togið ekki eða ýtið á efnið þegar þið saumið — það gæti orsakað að nálin rekist í málmhluti vélarinnar.
- Notið jafnvel öryggisgleraugu.
- Slökkvið ávallt á vélinni ("0") þegar unnið er nálægt nálarsvæðinu, t.d. þegar verið er að þræða vélina, skipta um nál, saumfót eða spólu.
- Gætið þess að engir smáhlutir detti í gegn um raufarnar inn í vélina.
- Notið vélina aldrei utanhúss.
- Notið vélina ekki þar sem verið er að nota úðaefni (spray) eða þar sem unnið er með súrefni.
- Til að aftengja vélina setjið þið allar stillingar á ("0") stöðu, og takið rafleiðsluna síðan úr sambandi við vegg tengil.
- Aftengið vélina ekki við rafmagn með því að toga í leiðsluna — takið um klóna en ekki leiðsluna.
- Fótómótstaðan er notuð til að stjórna hraða vélarinnar. Setjið aldrei hluti ofan á fótómótstöðuna.
- Notið vélina aldrei ef hún er rök eða blaut.

- Ef díóðu lýsingin (LED) er skemmd eða brotin verður viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda að skipta um hana.
- Það sama á við um rafleiðslurnar í mótstöðuna – viðurkenndur þjónustuaðili framleiðanda á að skipta um hana.
- Saumavél þessi er með tvöfalda einangrun. Sjá nánar leiðbeiningar um viðgerðir á tækjum sem eru með tvöfalda einangrun.

GEYMIÐ LEIÐBEININGARNAR

AÐEINS FYRIR EVRÓPU (GENELEC) LÖND:

Börn 8 ára og eldri svo og aðilar með líkamlega eða andlega skerta starfsemi eða skynjun mega nota saumavélina ef þau hafa fengið tilsögn í notkun hennar og skilja hætturnar sem af svona vél geta stafað, og/eða ef fylgst er með þeim þegar þau nota hana. Börn eiga þó aldrei að nota vélina sem leikfang. Hreinsun og annað viðhald eiga þó eingöngu fullkomnir að framkvæma.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu framleidda af CHEN HUNG TAIWAN Ltd.

FYRIR ÖNNUR LÖND EN EVRÓPU (GENELEC):

Þessi saumavél er ekki ætluð til notkunar þeirra (börn þar með talin) sem eru líkamlega eða andlega skert eða með skerta skynjun, eða sem ekki hafa fengið til þess kunnáttu eða reynslu, nema því aðeins að þau hafi fengið leiðbeiningar og kennslu um notkun saumavélarinnar hjá aðila sem er ábyrgur fyrir öryggi þeirra.

Hávaðastig í venjulegri notkun er minni en..

Vélina má eingöngu nota með fótmótstöðu framleidda af CHEN HUNG TAIWAN Ltd.

ÞJÓNUSTA Á RAFTÆKJUM MEÐ TVÖFALDA EINANGRUN

Í tækjum með tvöfalda einangrun eru tvö kerfi af einangrun í stað jarðtengingar. Engin jarðtenging er notuð á tækjum með tvöfalda einangrun, og ekki má jarðtengja slík tæki. Þjónustu við tæki með tvöfalda einangrun mega eingöngu þeir framkvæma sem hafa til þess þekkingu og réttindi.

Varahlutir í tæki með tvöfaldri einangrun verða ávallt að vera nákvæmlega eins og hluturinn sem var í tækinu. Tæki sem er með tvöfalda einangrun eru merkt með orðunum 'DOUBLE INSULATION' eða 'DOUBLE INSULATED'.

EFNISYFIRLIT


1	Inngangur	6	Prýstingur á saumfótinn	23
	Yfirlit yfir vél.....	6	Fótlýftan	24
	Séð að framan.....	6	Skipt um saumfót.....	24
	Séð að ofan.....	7	Fjarlægið saumfótinn sem er á vélinni	24
	Séð að aftan	7	Nýr saumfótur settur á fóthölduna	24
	Hólf fyrir fylgihluti	7	USB tengill	25
	Hlutir útsaumstækisins	7	USB minnislykill.....	25
	Fylgihlutir	8	Tengið og fjarlægið minnislykilinn úr USB	
	Aukahlutir sem fylgja með vélinni	8	tenglinum	25
	Ramar sem fylgja vélinni	8	Ókeypis kyningarforrit fyrir útsauma	26
	Saumfætur.....	9	Hvernig á að uppfæra vélina ykkar.....	26
	Yfirlit yfir sauma	10	Leiðbeiningar um uppfærslu	27
	Nytjasaumar	10	Hnappar og gaumljós	28
	Bútaumar	12	Hnappur “nálin stöðvast uppi/niðri” með	
	Listasaumar	12	gaumljósi	28
	Flatsaumar	12	Hnappur fyrir heftingar	28
	Skrautsaumar	12	Hnappur fyrir klippingu með gaumljósi.....	28
	Saumar fyrir aukalega fáanlega fætur.....	13	Start/Stop hnappurinn	28
	Stafróf.....	13	Afturábak hnappur með gaumljósi	29
	Blokk	13	Hnappur fyrir sauma aðgerð/útsaums	
	Kyrilískt letur	13	saumaskap	29
2	Undirbúningur	14	Hnappur fyrir saumaraðir/útsaums	
	Vélin tekin upp	14	undirbúning.....	29
	Tengið vélina við rafmagn og		Hnappur fyrir leturgerðar aðgerð ,	
	fótmótstöðu	14	saumaraðir	29
	Gengið frá vélinni að saum loknum	15	Hnappur fyrir stillivalmynd	29
	Díóðu ljós	15	Skjárinn	29
	Fríarmur	15	Hnappar fyrir Sporbreidd/Sporlegu	29
	Vélin sett í saumavélaborð eða skáp.....	15	Hnappar fyrir bendilinn	29
	Tvinnahnífur	15	Hnappar fyrir Sporlengd/Sporþéttleika	29
	Keflispinnar	16	Hnappar fyrir beinval	29
	Lárétt staða	16	Hnappur til að hlaða inn mynstur	29
	Lóðrétt staða	16	Hnappur til að vista perónulegum saum	
	Auka keflispinninn	16	eða saumaröð.	29
	Vélin þrædd	17	Hnappur til að eyða	29
	Þræðari fyrir nálina.....	17	Endaspeglun	29
	Þræðing á tvíburanál	18	Hliðarspeglun	29
	Spólað á spóluna	19	Alt hnappurinn	29
	Spólað frá láretta keflispinnanum.	19	Info hnappurinn	29
	Spólað í gegn um nálina	20	Hnappar fyrir hjól	30
	Spólan sett í vélina	20	OK hnappurinn	30
	Efri flytjarinn (IDT kerfið TM = Integrated		Handfang fyrir hraðastillingu.....	30
	Dual Feed).....	21	Stilli valmynd.....	31
	Efri flytjarinn TM settur í samband	21	Tvinnaspennan.....	31
	Efri flytjarinn tekinn TM úr sambandi	21	Tvíburanál	31
	Nálar	22	Öryggi fyrir sporbreidd.....	32
	Alhliða nál	22	Sjálfvirk stöðvun fyrir klippingu.....	32
	“Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni	22	Tungumál	32
	Útsaums nál	22	Hljóð viðvörunarmerki	32
	“Denim” eða gallabuxnanálar.....	22	Birtuskil eða andstæður	32
	“Wing” húllsaumsnál	22	Hugbúnaðarútgáfa	32
	Skipt um nál	23	Stöður útsaumsramma.....	32
	Neðri flytjarinn tekinn úr sambandi.....	23	3	
			Sauma aðgerð	34
			Saumur valinn.....	34
			Ráðleggingar um sauma.....	34
			Stillingar á saumum.....	35

Sporbreidd/Sporlega	35	Færið ykkur á athugunar stöðu (check position)	58
Sporlengd/Sporþéttleiki	35	Þræðing	58
Ílangt útlit	35	Einn litur	58
Tvinnaspennan.....	36	Hraði vélarinnar.....	59
Speglun	36	Tvinnaspennan.....	59
Persónulegir saumar	37	Byrjað að sauma út.....	60
Vista persónulegum saum.....	37	Útsaums undirbúningur	61
Skrifa yfir persónulegan saum	37	Snúið	61
Hlaða inn persónulegum saum	37	Hæð á mynstri.....	61
Saumataækni	38	Breidd á mynstri.....	61
Priggja þrepa zik zak spor	38	Færa mynstur til	61
Hnappagöt.....	38	Speglun	62
Tölluáfesting	40	Útsaums sprettigluggar	62
Ístopp	41		
Faldar á gróf efni	41	7 Umhirða.....	65
Bútaumar með handavinnu útliti.....	41	Hreinsun á vélinni	65
Fríhendis	42	Hreinsun á spólusvæðinu.....	65
Fríhendis punkta aðgerð	42	Hreinsað undir spólusvæðinu	65
Blindföldun.....	43	Stingplatan sett á sinn stað	66
Rennilásar	43	Gangtruflanir og ráð við þeim.....	66
Sprettigluggar	44	Tæknilegar upplýsingar.....	69
4 Saumaraðir.....	46	Atriðaskrá.....	70
Hanna sqaumaraöð.....	46		
Stafrófin.....	46		
Hanna setningu	47		
Veljið stafa og leturgerð	47		
Stillið texta og sauma	47		
Saum eða staf eytt í saumaröð	47		
Stjórn á sauma eða stafaröðinni.....	48		
Saumaröð vistuð.....	48		
Hlaða saumaröðinni inn í vélina	48		
Saumaröð saumuð	48		
Sprettigluggar í saumaröðum.....	49		
5 Útsaums undirbúningur.....	50		
Yfirlit yfir útsaumstækið.....	50		
Yfirlit yfir útsaumsramma	50		
Mynstur.....	50		
Útsaums bæklingurinn	50		
Halið niður vara eintökum af mynstrunum ...	51		
Útsaumsáhalðið tengt við vélina	51		
Útsaumsáhalðið fjarlægt.....	51		
Útsauma/Fríhendis fóturinn nr 6 settur á....	52		
Efnið spennt í útsaumsrammann.....	52		
Ramminn settur á og tekinn af	53		
6 Útsaumur	54		
Upplýsingar um mynstur	54		
Úsaums saumaskapur.....	55		
Hlaðið mynstri í vélina.....	55		
Leturgerð hlaðið inn	56		
Útsaums textaritill (Editor).....	56		
Rammastærðir.....	57		
Stöður útsaumsramma	57		
Spor sem eru eftir í litablokkinni.....	58		
Núverandi litur	58		

1 Inngangur

Yfirlit yfir vél


Séð að framan



- | | |
|--|--|
| 1. Lok með yfirliti yfir sauma | 11. Lok yfir grípara |
| 2. Skífa sem sýnir þrýsting á saumfót. | 12. Fríarmur |
| 3. Þræðiraufar | 13. Saumfótur |
| 4. Tvinnahnífur | 14. Fótstöng og halda fyrir saumfót |
| 5. Díóðu ljós | 15. Skrúfa í nálarhöldu |
| 6. Nálstöng | 16. Fótlyftir |
| 7. Armur fyrir hnappagöt | 17. Hnappar og skjár |
| 8. Inbyggður þræðari fyrir nál | 18. Handhjól |
| 9. Þræðirauf fyrir yfirtvinnann | 19. USB tengill |
| 10. Stingplata | 20. Aðalrofi og tenglar fyrir rafmagn og fótstöðu. |


Séð að ofan

1. Stýringar fyrir tvinna
2. Spólari, tvinnastýringar og spennudiskar
3. Tvinnahnífur fyrir undirtvinna
4. Spólaraspindill og hak til að stoppa spólarann.
5. Gat fyrir auka keflispinna
6. Filtpúði
7. Skífur fyrir tvinnakefli
8. Keflispinni
9. Diskar í tvinnaspennu
10. Þráðgjafi



Séð að aftan


1. Handfang
2. Fótlyftir
3. Efri flytjari™Kerfi
4. Loka til að taka flytjara úr sambandi
5. Tengill fyrir útsaumstæki



Hólf fyrir fylgihluti

Geymið fylgihlutina ávallt í hólfinu þannig að þeir séu alltaf til reiðu


1. Svæði fyrir aukahluti
2. Grípari



Hlutir útsaumstækisins

(Tegund EU-3P)


1. Takki til að losa útsaumsækið
2. Stillanlegir fætur
3. Tengill fyrir útsaumstæki
4. Tengistykki fyrir útsaumsramma.
5. Útsaumsarmur



Fylgihlutir

Aukahlutir sem fylgja með vélinni

1. Tvinnanet
2. Jaðarstýring
3. Filtskífur (2)
4. Skrúfjárn
5. Auka keflispinni
6. Sprettihnúfur
7. Bursti Notið beittari brúnina á burstanum til að hreinsa svæðið í kring um flytjarann.
8. Spólur (5, ein er í vélinni)
9. Skrúfjárn fyrir stingplötu
10. Skífa fyrir tvinnakefli - lítil
11. Skífa fyrir tvinnakefli - stór
12. USB minnislykill með útsaumsmynstrum og PFAFF® **creative™ 1,5** útsaumsbók með mynstrum
13. Alhliða verkfæri
14. Löng sknúfa fyrir nálarhöldu fyrir fríhendis zik zak sauma




Aukahlutir sem ekki eru á mynd


- Fótstöta
- Rafmagnsleiðsla
- Nálar
- Lok yfir vél

Rammar sem fylgja vélinni

1. creative™ MASTER RAMMI (240x150mm)




Saumfætur



OA-Venjulegur saumfótur fyrir™efri flytjara
(Er á vélinni við afhendingu)

Saumfóturinn er notaður við beina og zik zak sauma sem hafa sporlengd lengri en 1,0mm.




1A-Útsaumsfótur fyrir™efri flytjara.

Þessi fótur er notaður fyrir skrautsauma. Raufin undir fætinum er til þess að fóturinn renni vel yfir saumana.



2A-Útsaumsfótur

Þegar verið er að sauma skrautsauma eða stutt zik zak spor og aðra nytjasauma með sporlengd minni en 1.0mm. Raufin undir fætinum er til þess að fóturinn renni vel yfir saumana.




3-Blindföldunarfótur™ fyrir efri flytjara

Þessi fótur er notaður fyrir blindfalda. Táin á fætinum stýrir jaðri efnisins. Rauða stýringin á fætinum er hönnuð til að renna meðfram faldbrúninni.




4-Rennilásafótur™ fyrir efri flytjara

Þessum fæti er hægt að smella á fóthölduna bæði vinstra og hægra megin við nálina, þannig að hægt sé að sauma nálægt tönnum lásanna. Færið nálarstöðuna til hægri eða vinstri til að sauma nálægt tönnum lásanna.




5-Eins þreps hnappagatafótur

Þessi fótur er með pláss aftan á fætinum þar sem hægt er að setja tölu til að ákvarða stærð hnappagatsins. Vélin saumar þá stærð af hnappagati sem hentar fyrir viðkomandi tölu. Notaður fyrir hnappagöt upp í allt að 25mm.



5M-Hnappagatafótur fyrir handstýrð hnappagöt.

Þessi fótur er fyrir handgerð hnappagöt sem eru stærri en 25mm. Notið merkin á fætinum til að staðsetja brún efnisins. Fingurinn aftan á fætinum er til að krækja þræði fyrir hnappagöt með undirleggsþræði.



6-Útsaumsfótur fyrir fríhendis útsaum.

Þessi fótur er notaður við fríhendis útsaum. Einnig er hægt að nota þennan fót fyrir ístopp.

Ath: Þegar þið eruð að sauma fríhendis útsaum, skiptið þið um skrúfunu í nálarhöldunni og setjið löngu skrúfunu sem fylgir með í aukahlutunum.

Yfirlit yfir sauma

Nytjasaumar

Spor	Nr.	Nafn	Lýsing
	1	Beint spor	Fyrir venjulega sauma og stungusauma. Hægt er að velja um 29 mismunandi nálarstöður.
	2	Teygjanlegt þrefalt spor.	Styrktur saumur Fyrir stungusauma.
	3	Beint spor aftur á bak	Saumar stöðugt aftur á bak.
	4	Zik zak spor	Til að styrkja sauma, jaðra, teygjanlega sauma og setja í blúndur.
	5	Zik zak spor, hægri eða vinstri nálarstaða.	Til að styrkja sauma, jaðra og fyrir teygjanlega sauma.
	6	Z-zik zak spor	Fyrir applíkeringar og kóssa.
	7	Teygjanlegt þrefalt zik zak spor.	Teygjanlegt spor fyrir skrautlega falda eða stungusauma.
	8	Þriggja þrepa zik zak spor.	Fyrir teygjanlega sauma, ístopp og bætur.
	9	Teygjanlegt spor	Fyrir teygjanlega sauma, ístopp og bætur.
	10	Þrefalt teygjanlegt spor	Til að sauma teygjur á fatnað, ístopp, bætur og skrautsauma.
	11	Vöflusaumur	Skrautlegur saumur fyrir teygjanleg efni og falda. Einnig notað með teygjanlegum tvinna sem undirtvinna.
	12	Tengispor	Til að sauma tvö efni saman á jöðrunum, bútasaum, sem skrautsaum í bútasaum og falda.
	13	Teygjanlegt tengispor	Tengisaumur fyrir undirfatnað, frotté, leður og gróf efni sem eru lögð á mis.
	14	Faldspor	Teygjanlegur skrautlegur faldur fyrir teygjanleg efni.
	15	Blindfaldur	Fyrir blindfalda á ofin efni
	16	Teygjanlegur blindfaldur.	Fyrir blindfalda á teygjanleg efni.
	17	Teygjanlegur "tricot" saumur	Fyrir sauma á teygjanleg efni.
	18	Lokað overlockspor.	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum.
	19	Lokað overlockspor.	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum en með jaðarþræði

Spur	Nr.	Nafn	Lýsing
	20	Teygjanlegur kastsaumur.	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum.
	21	Overlock.	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. bætur og faldur.
	22	Lokað overlockspor.	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum. bætur og faldur.
	23	Teygjanlegt overlock fyrir prjón.	Saumar og kastar jaðarinn í einum saum.
	24	Lokaður overlock blindfaldur.	Fyrir skrautlegan overlock blindfald á teygjanleg efni.
	25	Hnappagöt fyrir léreft.	Hnappagöt á blússur, skyrtur og léreft.
	26	Venjulegt hnappagat.	Venjulegt hnappagat fyrir blússur, skyrtur og jakka. Einnig fyrir kodda.
	27	Afrúnnað hnappagat með langsum heftingu.	Hnappagöt á fatnað.
	28	Augahnappagat með oddlaga heftingu.	Klæðskera hnappagat eða skrautlegt hnappagat.
	29	Augahnappagat með langsum heftingu.	Klæðskera hnappagat fyrir jakka og buxur.
	30	Afrúnnað hnappagat	Hnappagöt fyrir léttan fatnað eða jakka.
	31	Teygjanlegt hnappagat.	Hnappagat fyrir teygjanleg efni.
	32	Töluáfesting	Til að festa tölu og einnig fyrir heftingar.
	33	Kóssar.	Aldamóta skrautkóssar.
	34	Forritanlegt ístopps spor.	Gera við göt á skemmdum efnum.
	35	Forritanlegt ístopps spor.	Styrkt ístopps spor fyrir göt á skemmdum efnum.
	36	Hefting	Sjálfkrafa heftispor fyrir sauma og vasaop.
	37	Heftingar á gallabuxnaefni	Sjálfkrafa skrautlegt heftispor fyrir sauma og vasaop.

Bútaþaukar

38	39	40	41	42	43	44	45	46	47	48	49	50	51	52
53	54	55	56	57	58	59	60	61	62	63	64	65	66	67

Listasaukar

68	69	70	71	72	73	74	75	76	77	78	79	80	81	82
83	84	85												

Flatsaukar

86	87	88	89	90	91	92	93	94	95	96	97	98	99	100
101	102	103	104	105										

Skrautsaukar

106	107	108	109	110	111	112	113	114	115	116	117	118	119	120
121	122	123	124	125	126	127	128	129	130	131	132	133	134	135
136	137	138	139	140	141	142	143	144	145					

Saumar fyrir aukalega fáanlega fætur

	146	Saumur fyrir perlubönd 4-6mm	Til að sauma perlubönd o.fl. Þarfnast aukafótar nr. 820605-096.
	147	Kertakveiks saumar	Myndar útlit líkt og handsaumaðir franskir hnútar. Þarfnast aukafótar fyrir™ efri flytjara nr. 820613-096
	148	Kertakveiks saumar	Myndar útlit líkt og handsaumaðir franskir hnútar. Þarfnast aukafótar fyrir™ efri flytjara nr. 820613-096
	149	Tengi og jaðarspor	Til að sauma saman tvö efni jaðar við jaðar. Þarfnast tengi og jaðarfótinn fyrir™ efri flytjara nr. 820931-096.
	150	Tengi og jaðarspor	Til að sauma saman tvö efni jaðar við jaðar. Þarfnast tengi og jaðarfótinn fyrir™ efri flytjara nr. 820931-096.

Stafróf

Blokk

ABCDEFGHIJKLMNOPQRSTUVWXYZ
 abcdefghijklmnopqrstuvwxyz
 Ä Å Ö Ü Æ Ø Ñ ß & ? !
 å ä ö ü æ ø ñ ß & ? !
 1234567890.,- _

Kyrilískt letur

А Б В Г Д Е Ж З И Й К Л М Н О П Р С Т У Ф Х Ц Ч
 Ш Щ Ъ Ы Ь Э Ю Я
 а б в г д е ж з и й к л м н о п р с т у ф х ц ч ш щ ъ ы ь э ю я
 1234567890 & ? ! ' @ . , - _

2 Undirbúningur

Vélin tekin upp

1. Setjið kassann á stöðugan og flatan flöt. Lyftið vélinni upp úr kassanum, fjarlægið ytri pakkningar og takið lokið af vélinni.
2. Fjarlægið allar ytri pakkningar og plastpokann.

Ath: Vélin PFAFF®creative™ 1,5er stillt þannig að hún vinni sem best í venjulegum herbergishita., Mikill hiti eða kuldi geta haft áhrif á vélina.

Ath: Sum efni innihalda mikið af litarefnum, sem geta litað frá sér á önnur efni og einnig á vélina sjálfa. Það getur verið mjög erfitt og jafnvel ómögulegt að fjarlægja svona liti. Flís og gallabuxnaefni og þá sérstaklega rauð og blá innihalda oft mikið af aukalegum litarefnum. Ef ykkur grunar að efnið eða fullunnar flíkur innihaldi mikið af aukalegum litarefnum ráðleggjum við ykkur að þvo efnið áður en þið farið að sauma á þau.

Tengið vélina við rafmagn og fótmótstöðu

Rafmagnsleiðsluna og fótmótstöðuna finnið þið hjá aukahlutunum.




Ath: Hafið samband við rafvirkja ef þið vitið ekki hvernig á að tengja vélina við rafmagn. Takið vélina úr sambandi við rafmagn þegar hún er ekki í notkun.

Fyrir þessa saumavél á að nota fótmótstöðu tegund C-9000 sem framleidd er af CHEN HUNG TAIWAN Ltd .

1. Tengjið leiðsluna frá fótmótstöðunni við fremri tengilinn neðan til á hægri hlið vélarinnar (A).
2. Tengjið rafleiðsluna við aftari tengilinn neðan til á hægri hlið vélarinnar (B). Tengjið rafleiðsluna síðan við veggtegil.
3. Ýtið ON/OFF rofanum á ON til að kveikja á vélinni og ljósi hennar.

Fyrir USA og Kanada.

Þessi vél er með pólur tengli (annar armurinn er breiðari en hinn). Til að koma í veg fyrir rafstuð, þá er þessi tengill eingöngu fyrir pólur veggtegil. Ef tengillinn gengur ekki í veggtegilinn, reynið þá að snúa honum 180°. Ef það gengur ekki heldur hafið þá samband við rafvirkja til að breyta veggteglinum. Alls ekki má breyta tengli vélarinnar.



Gengið frá vélinni að saum loknum

1. Slökkvið á aðalrofa vélarinnar.
2. Takið rafleiðsluna úr sambandi við veggtegungiinn og síðan úr vélinni.
3. Takið fótstöðuna úr sambandi við vélina. Vefjið snúrunni utan um fótstöðuna.
4. Setjið alla fylgihluti í hólfið fyrir þá. Rennið bakkann á vélina utan um fríarminn.
5. Setjið fótstöðuna í plássið ofan á fríarminum.
6. Setjið lokið ofan á vélina.

Díóðu ljós


Vélin er með díóðu ljós sem dreifa ljósmagninu jafnt yfir allan vinnuflötinn og kemur í veg fyrir skugga.

Fríarmur

Til að nota fríarminn rennið þið hólfinu fyrir aukahlutina af vélinni. Þegar bakkinn er á vélinni er lítill krókur sem heldur honum tryggilega við fríarminn. Fjarlægjið bakkann með því að renna honum út til vinstri.


Vélin sett í saumavélaborð eða skáp

Það eru tvö göt undir vélinni sem eru til að festa vélina í saumavélaborð eða skáp. Festið vélinni með tveimur M6 skrúfum.



Tvinnahnífur

Til að nota tvinnahnífinn togið þið tvinnana aftan frá og fram á við eins og sýnt er (A).



Keflispinnar

Á vélinni eru tveir keflispinnar, aðal keflispinninn og aukalegi keflispinninn. Keflispinnarnir henta fyrir allar gerðir af tvinnakeflum. Aðal keflispinninn er stillanlegur og hægt að nota hann hvort sem er í láréttri (tvinninn rekst af keflinu) eða lóðréttri stöðu (tvinnakeflið snýst). Notið lárétta stöðuna fyrir öll venjuleg tvinnakefli og lóðrétta stöðuna fyrir stærri kefli eða sérstaka tvinna.

Lárétt staða

Setjið filtskífu og tvinnakefli á keflispinnann. Fullvissið ykkur um að tvinninn rakni fram á við af keflinu (A) og rennið síðan skífu á fyrir framan tvinnakeflið.

Ath: Öll tvinnakefli eru ekki framleidd á sama hátt. Ef þið lendið í einhverjum vandræðum með tvinnakefli snúið því þá við þannig að tvinninn rakni af því í öfuga átt, eða setjið það á lóðrétta keflisstöðu.

Allt eftir stærð tvinnakeflisins breytið þið um áttina á skífunni (B).

Notið litlu skífuna ef þið eruð með krossundin kefli (C).



Setjið net yfir tvinnakeflið ef tvinninn vill renna af keflinu (D).

Lóðrét staða


Setjið keflispinnann í lóðrétta stöðu. Setið filtskífu undir tvinnakeflið. Það er gert til að keflið snúist ekki of hratt. Setjið ekki skífu ofna á tvinnakeflið í þessu tilviki, því það gæti hindrað keflið í að snúast.

Auka keflispinninn

Auka keflispinninn er notaður þegar þarf að spóla undirtvinna af öðru tvinnakefli, og þegar nota þarf auka keflispinnann þegar verið er að sauma með tvíburanál. Setjið auka keflispinnann í gatið ofan á vélinni (A). Setið filtskífu undir tvinnakeflið.



Aðal keflispinninn í lóðréttri stöðu.



Auka keflispinninn og aðal keflispinninn í lóðréttri stöðu.



Vélin þrædd

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og að nálín sé í efstu stöðu.

1. Setjið filtskífu og tvinnakefli á keflispinnann og setjið skífu af réttri stærð og snúið henni rétt.

Ath: Haldið tvinnanum með báðum höndum til að koma í veg fyrir að það slakni á honum þegar verið er að þræða. Það tryggir að tvinninn verður rétt staðsettur í þræðingunni.

2. Togið tvinnann frá hægri til vinstri undir tvinnastýringuna (A)
3. Togið tvinnann frá hægri til vinstri eftir þræðiraufinni.
4. Togið tvinnann á milli spenniskífanna (B).
5. Þræðið síðan niður eftir hægri þræðiraufinni og síðan upp eftir þeirri vinstri.
6. Leggið tvinnann hægra megin frá í rauфина á þræðgjafanum (C) og síðan niður eftir vinstri þræðiraufinni og inn í tvinnastýringuna fyrir nálina (D).
7. Þræðið nálina.



Þræðari fyrir nálina

Þræðarinn fyrir nálina hjálpar ykkur við að þræða hana. Nálin verður að vera í efstu stöðu til að hægt sé að nota innbyggða þræðarann. Ýtið á hnappinn nálín uppi/ nálín niðri til að fullvissa ykkur um að nálín sé í efstu stöðu.


Við ráðleggjum ykkur að setja saumfótinn niður.

1. Notið handfangið (A) til að toga þræðarann alla leið niður. Litlar málmhlífar fara sitt hvoru megin við nálina og lítill krókur fer í gegn um nálaraugað.
2. Setjið tvinnann aftan frá yfir tvinnastýringuna (B) og síðan undir litla krókinn (C).
3. Látið þræðarann fara hægt og rólega til baka. Krókurinn togar nú tvinnann í gegn um nálaraugað og myndar lykkju fyrir aftan nálina. Togið lykkjuna í gegn um nálaraugað.
4. Lyftið saumfætinum og leggið tvinnann undir hann.

Ath: Þræðarinn er hannaður fyrir nálar í grófleikum 70-120. Ekki er hægt að nota þræðarann fyrir nálar nr. 60, Wing húllsaumsnálar eða tvíburanálar.

Þið getið einnig þurft að þræða nálina á handvirknan máta þegar þið notið suma aukalega fylgihluti.

Þegar þið þræðið nálina verður ávallt að þræða hana framan frá.



Þræðing á tvíburanál


Skiptið um nál og setjið tvíburanál í nálarhölduna. Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og að nálin sé í efstu stöðu.

1. Þræðið fyrri tvinnann eins og lýst var hér að framan.
2. Þræðið með höndunum í fyrri nálina
3. Setjið auka keflispinnann á vélina og filtskífu á hann. Setjið seinna tvinnakeflið á keflispinnann.
4. Þræðið nú seinna tvinnann til vinstri og togið hann inn í tvinnastýringuna (A) aftan frá og fram á við.
5. Þræðið seinna tvinnann nú á sama hátt og þann fyrri.
6. Gætið þess að annar tvinninn sé inni í neðstu tvinnastýringunni (fyrir ofan nálina) og hinn sé fyrir utan stýringuna.
7. Þræðið síðan seinna nálina með höndunum.


Ath: Grófleiki og gróft yfirborð ýmissa sértvinna eins og málmtvinna getur orsakað aukna spennu á slíka tvinna. Með því að losa aðeins um yfirtvinnaspennuna getið þið komið í veg fyrir ljótt spor og að tvinninn slitni.

Ath: Í valmyndinni gerið þið "tvíburanál" virka og veljið rétt millibil á milli nálanna. Við það takmarkið þið sjálfkrafa hliðarhreyfingu viðkomandi nála og komið í veg fyrir að nálarnar skemmi saumfótinn og stingplötuna og einnig brot á 'nálunum.

Ath: Notið aldrei tvíburanálar sem ekki er symmetrískar þ.e.a. s. komi ekki jafnt út frá báðum hliðum því þær koma til með að skemma vélina.



Spólað á spóluna





Spólað frá láretta keflispinnanum.

1. Setjið filtskífu og tvinnakefli á láretta keflispinnann. Setjið rétta skífustærð fyrir framan keflið.
2. Þræðið tvinnann undir tvinnastýringuna (A) frá hægri til vinstri. Togið tvinnann aftur á bak vinstra megin frá og til hægri í kring um tvinnastýringuna (B).
3. Togið tvinnann til hægri og síðan aftan frá og fram á við í tvinnastýringu (C). Síðan rangsælis á milli spenniskífanna (D).

Ath: Fullvissið ykkur um að tvinninn sé örugglega alveg á milli spenniskífanna þannig að hann fái rétta tvinnaspennu,

4. Þræðið tvinnaendann síðan innan frá í gegn um gatið á spólunni (E).
5. Setjið spóluna síðan á spólarann.
6. Ýtið spólarahakinu til hægri þannig að hann geti spólað. Sprettimynd kemur á skjáinn og gefur til kynna að spólarinn sé tilbúinn og virkur. Stígið á fótmótstöðuna eða ýtið á start/stop hnappinn til að byrja spólun. Haldið aðeins við tvinnaendann á meðan vélin byrjar spólunina.


Þegar spólan er orðin full, takið þið fótinn af fótmótstöðunni eða ýtið á start/stop hnappinn til að stöðva vélina. Ýtið spólaraarminum til vinstri. Sprettiglugginn lokast. Fjarlægið spóluna og klippið tvinnann með því að nota hnífinn fyrir spólutvinnann (F).



Spólað í gegn um nálinu

Fullvissið ykkur um að saumfóturinn sé uppi og að nálin sé í efstu stöðu. Takið tvinnann frá nálinni og smeygið honum undir saumfótinn, síðan upp á við í gegn um vinstri þræðiraufina og þaðan í þræðilykkjuna fyrir spólunina (A). Farið síðan eftir þrepum 3 til 6.


Ath: Notið eingöngu saumfætur úr málmi þegar spólað er í gegn um nálinu.



Spólan sett í vélina

Fullvissið ykkur um að nálin sé í efstu stöðu og að slökkt sé á vélinni þegar þið setjið spóluna í vélina.

1. Opnið lokið yfir gríparanum með því að ýta losunarhnappnum til hægri (A). Fjarlægið lokið (B).
2. Setjið spóluna þannig í vélina að tvinninn renni rangsælis af henni.
3. Haldið lauslega ofan á spóluna með einum fingri um leið og þið togið tvinnann inn í raufina (C). Togið tvinnann síðan þar sem örvarnar sína inn í tvinnastýringarnar á stingplötunni - frá (C) til (D). Togið tvinnann síðan þar sem örvarnar sína inn í tvinnastýringarnar á stingplötunni - frá (D) til (E). Til að klippa umfram tvinnann togið þið tvinnann yfir hnífsblaðið (E).
4. Setjið lokið aftur á sinn stað.




Efri flytjarinn (IDT kerfið TM= Integrated Dual Feed)

Til að flytja öll efni á öruggan hátt PFAFF®creativeTM 1,5þá er vélin með stórkostlega lausn. Innbyggða efri flytjarann IDTTM kerfið Eins og á ýmsum iðnaðar saumavélum þá sér IDTTM kerfið um að flytja efnið bæði neðan frá og ofan frá. Efnin eru flutt eins og í töng og kemur í veg fyrir að þau rykkist eða misfærast, sem er sérstaklega gott þegar saumuð eru þunn efni eins og silki og rayon. Efri flytjarinn TMkemur einnig í veg fyrir að efnin misfærast þ.e.a.s. að neðra efnið færast meira en það efra, sem kemur sér mjög vel þegar verið er að sauma saman röndótt efni.

Efri flytjarinn TMsettur í samband



Áriðandi: Þegar efri flytjarinn er notaður TMverður að nota saumfætur sem eru með rauf að aftan (A).

Lyftið saumfætinum Ýtið efri flytjaranum TMniður á við þar til hann smellur í samband.



Efri flytjarinn tekinnTM úr sambandi

Lyftið saumfætinum Haldið með tveimur fingrumTM um rifflaða hluta efri flytjarans. Togið efri flytjarannTM aðeins niður á við og síðan í áttina frá vélinni og látið efri flytjarannTM fara hægt upp á við.




Nálar

Saumavélanálin leikur ávallt stórt hlutverk í öllum saumum. Notið aðeins gæðanálar. Og eingöngu nálar af gerðinni 130/705H. Nálar sem fylgja með vélinni eru af mest notuðu nálargróflekunum.

Alhliða nál


Alhliða nálar eru með dálítið afrúnaðan odd og hægt er að fá þær í ýmsum gróflekum. Þær eru fyrir alhliða sauma á hin ýmsu efni og grófleika af efnum.



Alhliða nál.

“Stretch” nálar fyrir teygjanleg efni.


“Stretch” nálar eru með sérstakt úrtak til að koma í veg fyrir að vélin hlaupi yfir þegar og ef efnin gefa eftir þegar nálin kemur í þau. Fyrir þrjón, sundfatnað, flís, gerfiefni og leður.



“Stretch” nál - merkt með gulum lit.

Útsaums nál


Útsaums nálar eru einnig með sérstakt úrtak, afrúnaðan odd og aðeins stærra auga til að koma í veg fyrir skemmd á viðkvæmum efnum. Þessar nálar á að nota þegar þið notið málmþræði og aðra sérstaka tvinna við úsaum og skrautsauma.



Útsaums nál - merkt með rauðum lit.

“Denim” eða gallabuxnanálar

“Denim” nálar eru mjög oddhvassar til að fara örugglega í gegn um þétt og þykk ofin efni án þess að nálin bogni. Fyrir tjalddúk, gallabuxnaefni og mikroefni.




“Denim” nál - merkt með bláum lit.


“Wing” húllsaumsnál

“Wing” nálin er með breiða “vængi” á báðum hliðum til að gera göt á efnið þegar verið er að sauma húllsaum eða faldsaum á nátturuleg efni.

Ath: Notið “wing” nál í grófleika 100. “Wing” nál fylgir ekki með þessari vél.



“Wing” húllsaumsnál.




Ath: Skiptið oft um nálar. Notið ávallt beina nál með góðum oddi (A).

Skemmd nál (B) getur orsakað að vélin hlaupi yfir spor, slíti tvinnann o.fl. Skemmd nál getur einnig skemmt út frá sér t.d. saumfætur og stingplötu.

Notið ekki nálar sem ekki eru symmetrískar (C) þ.e.a.s. koma ekki jafnt út til hliðanna frá miðleggnum því þær geta skemmt vélina.


Skipt um nál

1. Notið gatið í alhliða áhaldinu til að halda á nálinni.
2. Losið um skrúfuna sem heldur nálinni. Notið skrúfjárn ef með þarf.
3. Fjarlægið nálina.
4. Setjið nýja nál í hölduna og notið alhliða áhaldið til að halda á nálinni. Ýtið nálinni eins hátt og hún kemst og þannig að flati leggurinn snúi frá ykkur.
5. Herðið vel á skrúfunni sem heldur nálinni.




Neðri flytjarinn tekinn úr sambandi

Þið getið tekið neðri flytjarann úr sambandi með því að færa rofann aftan á fríarminum til vinstri. Færið rofann til hægri til að setja flytjarann aftur í samband.



Þrýstingur á saumfótinn


Þrýstingurinn á saumfótinn hefur verið stilltur á grunnstillinguna "N". Í flestum tilfellum þurfið þið ekki að breyta þrýstingnum á saumfótinn. Við sérstaka saumataekni, eða þegar þið eruð að sauma mjög þunn eða mjög þykk efni gætuð þið þurft að breyta stillingunni. Fyrir mjög þunn efni, snúið þið stillinum á lægra númer. Fyrir mjög þykk efni, snúið þið stillinum á hærra númer.



Fótlyftan

Þið lækkið og lyftið saumfætinum með fótlyftunni (A). Ef þið eruð að sauma mjög þykk efni eða mörg lög af efnum, þá getið þið lyft saumfætinum hærra (B) til að auðvelda ykkur að koma efninu undir saumfótinn.

Ath: Ef saumfóturinn er uppi þá er ekki hægt að láta vélina byrja að sauma (nema þegar verið er að spóla á spóluna).



Skipt um saumfót



Fjarlægjið saumfótinn sem er á vélinni

Ýtið niður á saumfótinn þar til hann dettur af fóthöldunni.

Nýr saumfótur settur á fóthölduna

Staðsetjið nýjan saumfót undir fóthölduna (A) og þannig að raufarnar (B) sé á móts við pinnana (C). Setjið fótlyftuna niður og þá mun saumfóturinn smella á sinn stað í fóthöldunni.

Ath: Fullvissið ykkur um að fóturinn sitji rétt í fóthöldunni með því að lyfta honum með fótlyftunni.



USB tengill

Vélin er með USB tengil þar sem þið getið tengt USB minnislykilinn við vélin.

USB minnislykill


Með vélinni fylgir USB minnislykill sem inniheldur útsaumsmyndur og PFAFF®creative™ 1,5 einnig bók með útsaumsmyndum. Notið minnislykilinn einnig til að geyma myndur og leturgerðir eða til að færa myndur á milli tölvu og vélar.

Tengið og fjarlægjið minnislykilinn úr USB tenglinum

Setjið minnislykilinn í USB tengilinn og þannig að vörumerkið snúi upp. Aðeins er hægt að setja minnislykilinn á einn hátt í tengilinn - notið aldrei afl til að setja hann í tengilinn. Til að fjarlægja hann togið þið hann beint út úr tenglinum.



Fjarlægjið minnislykilinn aldrei ef þið eruð að sauma eða sauma út, því það gæti skemmt skrárnar sem eru á minnislyklinum og þið mynduð einnig missa þau myndur sem þá eru á skjánum.



Ókeypis kynningarforrit fyrir útsauma

Ókeypis kynningarforrit fyrir tölvuna ykkar er fyrir hendi PFAFF®creative™ 1,5 fyrir saumavélina ykkar.

Það býður upp á eftirfarandi kosti:

- Hjálpar ykkur að breyta útsaumsmynstri í tölvu áður en þið saumið það.
- Persónugera útsauminn í þrívídd í rammanum.
- Snúa mynstrinu um hvaða gráðu sem er, spegla það hliðar eða endaspeglun og kvarða eða breyta stærð mynstursins.
- Stilla óteljandi mynstur eða leturgerðir.
- Breyta litunum yfir í litanúmer tvinnaframleiðandans sem þið viljið nota. Sameina leturgerðir og lögun mynstra. Litaflokkun til að endurraða litaskiptingum í mynstri til að fækka fjölda þeirra. Velja mörg mynstur og færa þau saman í flokk mynstra.
- Bætið við margra lína stöfum með vali um 4 línu gerðir og sveigjanleika til að breyta stærð og staðsetja stafi hvern fyrir sig. Notið "Quick size" gandálfinn til að hanna nýja stafi fyrir útsaums kynningarforritið, og notið "TrueType" eða "OpenType" lettrið úr tölvunni ykkar. Bæta "super" mynstrum við það sem þið er að búa til. Setja ramma utan um stafi eða mynstur.

Farið á PFAFF® heimasíðuna www.pfaff.com og leitið að aðstoð "Support" og halið hugbúnaðinn niður.

Frekari upplýsingar og nákvæmari leiðbeiningar um uppsetningu eru á sérstakri PDF skrá á USB minislyklinum. Prentað blað með framleiðslukóða sem er m.a. með aðgangskóðann ykkar, fylgir með vélinni. Geymið þetta blað ávallt á öruggum stað. Eins og reikningurinn fyrir kaupin á þessari vél, er þetta blað einnig sönnun fyrir eign ykkar á þessari vél og hugbúnaðinum. Aðgangskóðinn ykkar er nauðsynlegur til að geta virkað aðgang ykkar að ókeypis "intro" hugbúnaðinum.

Hvernig á að uppfæra vélina ykkar


Farið á heimasíðuna okkar www.pfaff.com og/eða hafið samband við umboðsaðila okkar PFAFF® og spyrjist fyrir um uppfærslu fyrir vélina og leiðarvísinn.

Leiðbeiningar um uppfærslu

- Farið á PFAFF® heimasíðuna www.pfaff.com til að finna upplýsingar um fáanlegar uppfærslur.
- Farið eftir uppfærsluálfinum til að undirbúa USB minnislykilinn fyrir uppfærslu.
- Setjið USB minnislykilinn í saumavélina áður en þið kveikið á vélinni.
- Til að kveikja á vélinni í uppfærslu sniði, ýtið þið og haldið hnöppunum fyrir afturábak og nálín upp/nálin niðri inni um leið og þið kveikið á vélinni. Haldið hnöppunum fyrir afturábak og nálín uppi/nálin niðri inn þar til þið sjáið á skjánum að vélin sé komin í uppfærslu aðgerð. Farið eftir leiðbeiningunum um uppfærsluna.



Hnappar og gaumljós



- | | | |
|--|---|---|
| 1. Hnappur "nálin stöðvast uppi/niðri" ásamt gaumljósi | 9. Hnappur til að setja vélina í breytiaðgerð fyrir saumaraðir eða útsauma. | 17. Hnappur til að ""hlaða inn" |
| 2. Hnappur fyrir "heftingar" | 10. Hnappur fyrir "leturgerðar aðgerð og saumaraðir", | 18. Hnappur til að "vista persónulega sauma eða saumaraðir" |
| 3. Hnappur fyrir "klippingar" með gaumljósi | 11. Hnappur fyrir stillivalmynd | 19. Hnappur til að "eyða" |
| 4. Gaumljós fyrir afturábak (2) | 12. Skjárinn | 20. Hnappur fyrir "hliðarspeglun" |
| 5. Gaumljós fyrir heftingar (2) | 13. Hnappar fyrir "sporbreidd/nálarstöðu" | 21. Hnappur fyrir "endaspeglun" |
| 6. Start/stop hnappur | 14. Hnappar fyrir bendil | 22. "Alt" hnappur |
| 7. Hnappur fyrir "aftur á bak" ásamt gaumljósi (4) | 15. Hnappur fyrir "sporlengd/sporþéttleika" | 23. "Info" hnappur |
| 8. Hnappur fyrir "Sauma aðgerð/útsaums aðgerð" | 16. Hnappur fyrir "beint val" | 24. "Hjóla" hnappur |
| | | 25. "OK" hnappur |
| | | 26. Armur fyrir hraðastillingu |

Hnappur "nálin stöðvast uppi/niðri" með gaumljósi

Ýtið á þennan hnapp til að færa nálin annað hvort upp eða niður. Stillingin fyrir stöðu nálarinnar þegar vélin stöðvast breytist um leið. Þegar "nálin niður" er gerð virk, þá kviknar á gaumljósinu og vélin stöðvast næst með nálin niðri. Þið getið einnig snert fótmótstöðuna aðeins til að lyfta nálinni eða setja hana niður.

Hnappur fyrir heftingar

Snertið þennann hnapp á meðan þið eruð að sauma og þá saumar vélin nokkur heftispor og stöðvast síðan. Ef þið snertið þennan hnapp og vélin er ekki að sauma, byrjar hún næsta saum á því að sauma nokkur heftispor og fer síðan að sauma.

Hnappur fyrir klippingu með gaumljósi

Ýtið á þennan hnapp þegar þið eruð ekki að sauma og vélin klippir þá bæði undir og yfirtvinnana og lyftir nálinni. Gaumljósið logar. Til að klippa tvinnana áður en nálin fer í byrjunarstöðu fyrir næsta spor, þá ýtið þið á hnappinn á meðan þið eruð að sauma. Gaumljósin (3 & 5) loga og vélin klippir tvinnana eftir að vélin lýkur við sauminn.

Start/Stop hnappurinn

Ýtið á þennan hnapp til að láta vélina byrja að sauma eða hætta að sauma án þess að nota fótmótstöðuna. Ýtið einu sinni á hnappinn til að láta vélina byrja að sauma og ýtið aftur á hann til að láta hana stoppa.

Afturábak hnappur með gaumljósi

Fyrir stöðugan afturábak saum ýtið þið á hnappinn til að byrja að sauma. Afturábak gaumljósið logar og vélin saumar afturábak þar til þið ýtið aftur á hnappinn til að hætta. Ef þið ýtið á afturábak hnappinn á meðan þið saumið, saumar vélin afturábak þar til þið sleppið hnappnum. Gaumljósið kviknar og logar svo lengi sem þið haldið hnappnum inni. Afturábak er einnig notað við ístopps spor.

Hnappur fyrir sauma aðgerð/útsaums saumaskap

Ýtið á þennan hnapp til að fara í sauma aðgerð eða útsaums saumaskap.

Hnappur fyrir saumaraðir/útsaums undirbúning.

Ýtið á þennan hnapp til að fara í saumaraðir. Í útsaums aðgerð ýtið þið á þennan hnapp til að fara í útsaums undirbúning.

Hnappur fyrir leturgerðar aðgerð , saumaraðir

Í saumaröðum, ýtið þið á þennan hnapp til að hanna textaraðir í ýmsum gerðum og í tveimur mismunandi leturgerðum.

Hnappur fyrir stillivalmynd

Ýtið á þennan hnapp til að opna valmyndina fyrir stillingar á vélinni.

Skjárinn

Skjárinn sýnir ykkur allt sem þið veljið og einnig valkosti. Saumar eru sýndir í raunstærð - þó ekki hnappagötin.

Hnappar fyrir Sporbreidd/Sporlegu

Lengið eða styttrið sporbreiddina með því að nota + og - hnappana. Fyrir beina sauma notið þið + og - hnappana til að færa sporleguna til vinstri eða hægri.

Í útsaums aðgerð notið þið + og - hnappana til að fara fram eða aftur í saumaröðinni. Þeir eru einnig notaðir til að þræða efni og stilla hæð.

Hnappar fyrir bendilinn

Með því að ýta á + og - hnappana færið þið bendilinn til vinstri eða hægri.

Í útsaums aðgerð eru + og - hnapparnir notaðir til að velja rammastærð, athuga staðsetningu spora og snúa mynstrum.

Hnappar fyrir Sporlengd/Sporþéttleika

Lengið eða styttrið sporlengdina með því að nota + eða - hnappana. Fyrir flatsauma notið þið + eða - hnappana til að breyta sporþéttleikanum.

Í útsaums aðgerð notið þið + eða - hnappana til að fara áfram eða til baka á milli mismunandi litablokka, til að gera eins lits útsaum virkan eða til að stilla breidd útsaumsins.

Hnappar fyrir beinval

Með því að ýta á einhvern hnappana frá 0 til 9 getið þið valið viðkomandi saum strax.

Í útsaums aðgerð: veljið innbyggð mynstur (1-15) eða innbyggðu leturgerðirnar (curtz: 200, 201, 202 eða grafit:300, 301, 302)

Hnappur til að hlaða inn mynstur

Ýtið á þennan hnapp til að hlaða inn vistaðan persónulegan saum eða mynstur.

Í útsaums aðgerð ýtið þið á þennan hnapp til að hlaða inn mynstri eða leturgerð frá USB minnislyklinum.

Hnappur til að vista persónulegum saum eða saumaröð.

Ýtið á þennan hnapp til að vista saum eða saumaröð í minni vélarinnar.

Hnappur til að eyða

Til að eyða sporum eða stöfum í saumaröð. Haldið hnappnum lengur inni til að eyða allri saumaröðinni.

Endaspeglun

Til að spegla saumum eða saumaröð enda í enda.

Hliðarspeglun

Til að spegla saumum eða saumaröð hliðarspeglun.

Alt hnappurinn

Þegar þið veljið flatsaum verður sporþéttleikinn sýndur á skjánum. Með því að ýta á alt hnappinn verður ílanga útlit saumsins sýnt í stað sporþéttleikans.

Í útsaums aðgerð er þessi hnappur notaður til að skipta á milli tveggja sýna á útsauminn.

Info hnappurinn

Ýtið á þennan hnapp til að hveikja eða slökkva á réðleggingunum.

Ýtið á þennan hnapp í útsaums aðgerð til að kveikja á upplýsingum um innhlaðið mynstur.

Hnappar fyrir hjól

Notið þessa hnappa til að færa ykkur til innan skjámyndarinnar. Hjólið er með upp og niður örvar hnappa, vinstri og hægri hnappa og miðju hnapp og OK til að staðfesta val ykkar. Hjólið er með nokkur hlutverk, t.d. velja stafi og færa ykkur á milli valkosta í stillivalmyndinni.

Í útsaums aðgerð notið þið hjólið til að færa mynstrið til í rammanum.

OK hnappurinn

Miðjuhnappur hjólsins, OK, er til að staðfesta val ykkar eða eyða skilaboðum á skjánum.

Handfang fyrir hraðastillingu

Með handfanginu ákveðið þið hámarks hraða vélarinnar í saum og útsaumi. Til að auka hraðann færið þið handfangið upp á við en til að minnka hraðann færið þið það niður á við.

Stilli valmynd

Í stilli valmyndinni getið þið stillt ýmsar stillingar vélarinnar, stillingar á hljóði og stillingar á skjánum. Opnið með því að ýta á hnappinn fyrir stillivalmyndina og veljið þá stillingu sem þið viljið breyta með því að fara upp eða niður með örvarhnöppunum á hjólinu. Notið vinstri og hægri örvarhnappana til að stilla gildin. Gerið stillingarnar virkar eða opnið lista yfir valkosti með því að ýta á OK. Uppfyllt box þýðir að viðkomandi aðgerð hafi verið gerð virk, tóm box þýðir að hún sé það ekki.

Ath: Ef ekki er hægt að sameina stillingu við fyrr valda stillingu, verða útlínur rammans slitróttar. Mismunandi stillingar eru fyrir hendi eftir því hvort um er að ræða sauma eða útsaums stillingar.

Ýtið aftur á hnappinn fyrir stillingar til að fara úr stilli valmyndinni.

Settings	
Thread tension	4.4
Twin needle	☐
Stitch width safety	☐
Language:	English

Tvinnaspennan

Saumavélin mun stilla á fyrirfram ákveðna tvinnaspennu fyrir það spor sem þið veljið. Þið getið þó þurft aðeins að breyta spennunni eftir því hvaða efni, tvinna og millilegg þið eruð að nota í saumaskapnum. Notið vinstri og hægri örvarhnappana á hjólinu til að breyta tvinnaspennunni. Breytingar koma aðeins til með að hafa áhrif á þann saum sem þið eruð að sauma hverju sinni. Stillingin fer sjálfkrafa aftur á fyrirfram ákveðna stillingu þegar þið veljið annan saum.



Í sauma aðgerð ýtið þið á info hnappinn til að skoða á hvaða tvinnaspennu vélin er stillt hverju sinni.

Tvíburanál

Gerið forritið fyrir tvíburanál virkt og notið vinstri og hægri örvar hnappana til að stilli millibilið á milli nálanna. Þegar þið hafið stillt millibilið á milli nálanna sér vélin sjálfkrafa um að hliðarhreyfing nálanna verði ekki meir en viðkomandi nál þolir, þ.e.a.s hún takmarkar þessa hreyfingu þannig að nálarnar brot ni ekki.



Í sauma aðgerð ýtið þið á info hnappinn. Táknid fyrir tvíburanál verður sýnilegt. Stillingin verður óbreytt þar til þið breytið henni.

Ath: Ekki er hægt að nota "tvíburanál" og "öryggi fyrir sporbreidd" samtímis.

Ath: Sprettigluggi kemur upp og varar ykkur við ef þið hafið valið of mikla sporbreidd fyrir viðkomandi nál.

Öryggi fyrir sporbreidd

Veljið þess aðgerð þegar þið notið saumfót fyrir bútautum (fæst aukalega) en þessi aðgerð læsir saumnum í miðstöðu til að forðast skemmdir á nál og saumfæti.



Í sauma aðgerð ýtið þið á info hnappinn. Táknid fyrir öryggi á saumbreidd kemur fram. Stillingin verður óbreytt þar til þið breytið henni.

Þegar þið kveikið á vélinni með þessa stillingu virka og einnig fyrir hvern þann saum sem ekki er beinn saumur kemur sprettigluggi fram og lætur ykkur vita að vélin sé eingöngu stillt fyrir beina sauma.

Ath: Ekki er hægt að nota "tvíburanál" og "öryggi fyrir sporbreidd" samtímis.

Sjálfvirk stöðvun fyrir klippingu.

(Aðeins í utsalms aðgerð)

Þegar þið byrjið að sauma út, stöðvast vélin eftir aðeins nokkur spor og biður ykkur að klippa lausu tvinnandana. Notið OK hnappinn til að gera þessa aðgerð virka eða óvirka í stilli valmyndinni.

Ath: Sjálfvirk stopp til að klippa er gert óvirkt ef þið notið fótmótstöðuna. Þegar þið eruð að sauma út.

Tungumál

Notið vinstri eða hægri örvarhnappana til að skipta um tungumál fyrir alla texta sem eru í vélinni.

Hljóð viðvörunarmerki

Þið getið kveikt eða slökkt á öllum hljóðmerkjum sem vélin gefur frá sér. Sjálfgefin stilling er að kveikt sé á þeim.

Birtuskil eða andstæður

Þið getið stillt birtuskilin á skjánum með því að nota vinstri og hægri örvarhnappana. Hægt er að stilla á -3 og að 4 í eins þrepa stillingum.

Hugbúnaðarútgáfa

Hér getið þið séð hvaða hugbúnaðar útgáfa er í ykkar vél.

Stöður útsaumsramma

(Aðeins í utsalms aðgerð)

Notið þessa aðgerð til að færa útsaumsrammann í mismunandi stöður.

Settings	
Current position	☐
Park position	☒
Cut position	☐
Center position	☐

Núverandi staða

Þegar þið viljið fara aftur á sama spor í mystrinu og halda áfram að sauma þar sem þið hættuð, notið þið hjólið til að velja staðinn og ýtið síðan á OK. Þið getið einnig ýtt á start/stop hnappinn einu sinni til að fara á núverandi spor og haldið áfram að sauma út.

Geymslustaða

Þegar þið hafið lokið við útsauminn, fjarlægið þið rammann og opnið stilli valmyndina. Notið hjólið til að velja geymslustöðuna (park position) og ýtið á OK.



Það er mjög nauðsynlegt að fjarlægja rammann áður en þið veljið geymslustöðuna - annars gætu þið skemmt rammann.

Klippistaða

Í klippistöðu (cut position) færir ramminn fram á við í áttina að ykkur til að auðvelda ykkur að klippa stökkspor eða efni þegar þið eruð að sauma út eða applíkera.

Miðstaða

Notið miðstöðuna (center position) ef þið viljið færa nálina í miðju rammans.

3 Sauma aðgerð


Sauma aðgerð er það fyrsta sem þið sjáið á skjánum þegar kveikt er á vélinni. Valinn saumur er sýndur í raunstærð á skjánum. Og hér finnið þið allar grunnupplýsingar sem þið þurfið á að halda til að byrja að sauma. Og þetta er einnig valmyndin þar sem þið getið breytt stillingum á viðkomandi saum. Beint spor er sjálfgefinn saumur þegar kveikt er á vélinni.

Ath: Ekki er hægt að sauma venjulega sauma þegar útsaumstækið er tengt við vélina.

Sauma aðgerð - - Yfirlit

1. Saumflötur
2. Númer á viðkomandi saum
3. Sporbreidd/Sporstaðsetning
4. Sporlengd/Þéttleiki

Ath: Fliparnir neðst á skjánum sýna hvaða aðgerð er valin. Valin aðgerð er sýnd með því að svarti flipinn hverfur af skjánum.



Saumur valinn

Með því að ýta á einhvern af beinvalshnöppunum, þá veljið þið viðkomandi saum um hæl. Ýtið á tvær eða þrjár tölur hverja á fætur annarri til að velja sauma frá 10 og upp. Ef viðkomandi valin tala er eki til í vélinni, heyrið þið smá hljóðmerki og síðast valinn saumur kemur á skjáinn. Notið upp og niður örvarhnappana á hjólinu til að fara á milli sauma.



Ráðleggingar um sauma

Ýtið á info hnappinn til að skoða ráðleggingar um valinn saum. Ýtið aftur á hnappinn til að fela upplýsingarnar.




1. Ráðleggingar um nálar

-  Alhliða nál
-  Stilling fyrir tvíburanál
-  Ráðlögð Wing nál
-  Stilling fyrir sporbreiddar öryggi.

2. Ráðlagður saumfótur
3. Ráðlagt stöðugleikaefni
4. Ráðleggingar um flytjara™ og efri flytjara
5. Gildi á tvinnaspennu

Ath: Öll tákn og valkostir eru ekki sýnd á sama tíma




Stillingar á saumum

Vélin velur sjálfkrafa bestu stillingar fyrir hvern saum. En þið getið breytt þeim stillingum að eigin vali. Breyttar stillingar koma eingöngu viðkomandi saum við og verða settar aftur á sjálfgefnar stillingar þegar annar saumur er valinn. Breyttar stillingar verða ekki geymdar í vélinni ef slökkt verður á henni.

Gildin fyrir sporlengd og sporbreidd eru sýnd hægra megin á skjánum. Notið hnappinn við hliðina á númeruðu hnöppunum til að framkvæma stillingar. Þegar stillingu er breytt verður númer hennar auðkennt. Ef þið reynið að fara fram yfir lágmarks og/eða hámarks takmarkanir fyrir lengd og breidd, þá gefur vélin frá sér hljóðmerki.

Sporbreidd/Sporlega

Aukið eða minnkið sporbreiddina með + eða - hnöppunum. Fyrir beint spor notið þið + eða - til að færa sporleguna til vinstri eða hægri. Þegar beint spor er valið, breytist táknið og sýnir að sporlegan sé virk í stað sporbreiddar.



1. Sporbreidd/Sporlega
2. Sporlengd/
sporþéttleiki/ílangt útlit
3. Tvinnaspennan

Sporlengd/Sporþéttleiki

Aukið eða minnkið sporlengdina með + eða - hnöppunum.

Fyrir flatsauma notið þið + eða - hnappana til að auka eða minnka sporþéttleikann. Þetta er oft nauðsynlegt eftir því hversu grófan tvinna þið eruð með, hvort um málmþráð eða einhverja sérstaka tvinna sé að ræða og hversu þétt þið viljið hafa sporin. Sporþéttleikinn hefur engin áhrif á raunverulega lengd saumsins. Þegar flatsaumur er valinn, breytist táknið og sýnir að sporþéttleiki hefur verið valinn í stað sporlengdar.



Ílangt útlit

Langt útlit er notað til að lengja flatsauma. Heildar saumurinn verður lengri en þéttleikinn verður óbreyttur. Ýtið á alt hnappinn til að sýna lengdarstillinguna í stað þéttleikans á flatsaumum. Táknið (3) breytist og sýnir nú tákn fyrir ílangt útlit. Aukið eða minnkið lenginguna á flatsaumnum með því að nota + og - hnappana. Ef ekki er hægt að auka við lengd viðkomandi saums sendir vélin frá sér viðvörunarhljóð þegar ýtt er á alt hnappinn.



Tvinnaspennan

Til að ná sem fallegasta útliti og sterkasta saum verðið þið að fullvissa ykkur um að tvinnaspennan sé rétt stillt þ.e.a.s. fyrir alla almenna sauma eiga tvinnarnir að hnýtast saman á milli efnanna tveggja. Saumavélin stillir tvinnaspennuna sjálfkrafa í grunnstillingu fyrir alla sauma Þið getið þó þurft aðeins að breyta spennunni eftir því hvaða efni, tvinna og millilegg þið eruð að nota í saumaskapnum. Sjá bls. 31 upplýsingar um hvernig breyta eigi stillingunni á handvirkan hátt.


Ef undirtvinninn kemur upp á yfirborðið - þá er yfirtvinnaspennan of mikil. Minnkið spennuna á yfirtvinnanum.

Yfirtvinninn er sjáanlegur á röngunni - þá er yfirtvinnaspennan of laus. Aukið við yfirtvinnaspennuna.


Fyrir skrautsauma og hnappagöt á yfirtvinninn að vera sjáanlegur á röngunni.

Speglun

Til að spegla mynstur hlið við hlið ýtið þið á hnappinn fyrir hliðarspeglun. Til að spegla mynstur enda í enda, ýtið þið á hnappinn fyrir endaspeglun.



Rétt tvinnaspenna



Spennan of mikil



Spennan of laus



Vinstri speglun: Hnappur fyrir hliðarspeglun. Hægri speglun: Hnappur fyrir endaspeglun.

Persónulegir saumar

Vista persónulegum saum


Vistið persónulegum saum í vélinni með því að ýta á vistunarhnappinn. Breytingar á sporlengd, sporbreidd, þéttleika, lögun, speglun og tivnnaspennu verða einnig vistaðar.

Ath: Suma sauma eins og t.d. hnappagöt er ekki hægt að vista. Sprettigluggi kemur fram og lætur ykkur vita ef þið reynið að vista slíka sauma.



Skrifa yfir persónulegan saum

Ef minnið er upptekið, kemur sprettigluggi á skjáinn og spyr hvort þið viljið skrifa yfir vistaða sauminn eða saumaröðina og setja nýja sauminn inn í staðinn. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum og ýtið síðan á OK.



Hlaða inn persónulegum saum


Hlaðið inn persónulegum saum með því að ýta á hleðsluhnappinn.



Saumataækni

Þriggja þrepa zik zak spor

Þriggja þrepa zik zak spor er m.a. notað til að kasta jaðra á efnum. Athugið að nálin fari í gegn um jaðarinn þegar hún stingur niður vinstra megin en fari út fyrir jaðarinn þegar hún stingur niður hægra megin. Sporið er einnig gott að nota sem teygjanlegt spor þegar verið er að vinna við teygjanleg efni eins og þrjón.



Spor nr. 8

Hnappagöt

Hnappagötin í vélinni eru sérstaklega hönnuð fyrir mismunandi efni og fatnað. Kíkið á sporatöfluna á lokinu bls. 10 og í bókinni en þar finnið þið lýsingar á öllum hnappagötunum.

Ætíð ætti að nota undirleggs eða styrkingarefni þar sem hnappagöt eru saumuð.

Fótur fyrir eins þrepa hnappagöt




1. Merkið þann stað sem hnappagatið á að koma.
2. Setjið hnappagatafótinn nr. 5 á vélina og togið töluhölduna út (C). Setjið tölu í hölduna. Talan ákvarðar lengdina á hnappagatinu.
3. Togið tvinnann í gegn um gatið á fætinum og leggið hann aftur undan fætinum.
4. Veljið það hnappagat sem þið ætlið að sauma og stillið breiddina og saumþéttleikann á þau gildi sem þið viljið nota.

Ath: Saumið ávallt prufuhnappagat á afgangsefni.

5. Staðsetjið efnið undir fótinn þannig að merkingin á efninu sé á móts við miðjuna á fætinum.
6. Setjið hnappagats handfangið (A) alla leið niður.

Ath: Vélin byrjar ekki að sauma ef handfangið er ekki sett niður og ekki heldur ef ramminn á fætinum er ekki togaður í fremstu stöðu.

7. Halðið aðeins í yfirtvinnann og byrjið að sauma. Hnappagatið er saumað fremst í fætinum og afturábak.
8. Þegar vélin hefur lokið við að sauma hnappagatið lyftið þið fætinum.




Handvirk hnappagöt

Til að sauma hnappagöt eru lengri en 25mm, notið þið fót 5M.

1. Lækkið hnappagataarminn og saumfótinn. Ýtið á start/stop hnappinn eða stígið á fótstöðu til að byrja að sauma og haldið hnappagataarminum frá ykkur þar til vélin byrjar að sauma bein spor afturábak. Saumið þar til hnappagatið er í réttri lengd.
2. Togið hnappagataarminn fram á við þar til vélin byrjar að sauma fyrri legginn fram á við.
3. Þegar leggurinn hefur náð réttri lengd ýtið þið arminum frá ykkur þar til vélin byrjar að sauma bein spor afturábak.
4. Togið hnappagataarminn fram á við þar til vélin byrjar að sauma fyrri heftinguna og seinni legginn fram á við.
5. Þegar leggirnir eru orðnir jafnlangir, ýtið þið arminum frá ykkur þar til vélin byrjar að sauma seinni heftinguna. Að lokum saumar vélin nokkur heftispor og stöðvast sjálfkrafa. Vélin klippir báða tvinnana og stöðvast með nálina í efstu stöðu.

Allt eftir gerð hnappagats getur saumaskapurinn verið mismunandi - sjá mynd.




Saumaröðin á handvirkum hnappagötum 25-31.

Hnappagat með undirleggsþræði

Hnappagöt með undirleggsþræði eru bæði sterkari og líta betur út en flöt hnappagöt. Notið t.d. perlugarn sem undirleggsþráð.



1. Búið til lykkju á garnið og krækið lykkjunni á hakið aftan á hnappagatafætinum 5M eða á plasthakið á fæti 5. Togið þræðina undir fótinn fram á við og hnýtið endana saman í kring um fingurinn framan á fætinum.
2. Saumið hnappagat. Flatsaumarnir í leggjunum sauma yfir undirleggsþráðinn.
3. Þegar hnappagatið er fullsaumað lyftið þið undirleggsþræðinum af hakinu og togið slakann á honum inn í hnappagatið.
4. Krossið tvinnana fremst í hnappagatinu og þræðið þá síðan í grófa handnál, þræðið þá niður á rönguna og hnýtið þá saman þar.
5. Notið sprettihnífinn varlega til að opna hnappagatið. Gott er að setja tituprjóna þversum við heftingarnar sitt hvoru megin.



Tölluáfesting

1. Þegar ið festið tölur á fatnað fjarlægið þið saumfótinn og notist aðeins við fóthölduna. Veljið töluáfestingu.
2. Takið flytjarann úr sambandi.
3. Setjið töluna undir fóthölduna. Notið speglunaraðgerðina til að fullvissa ykkur um að götin á tölunni séu rétt undir fætinum miðað við sveiflu nálarinnar frá vinstri til hægri og sveiflan á nálinni stingi rétt í bæði götin. Ef nauðsyn krefur getið þið breytt bilinu á sveiflu nálarinnar með + eða - hnöppunum við hliðina á sporbreiddarhnappnum.
4. Þið getið einnig fækkmað eða fjölgð sporunum sem notuð eru með því að nota + eða - hnappana í þriðju röð. Þið aukið eða fækkið sporunum ávallt um 2 spor í einu.
5. Byrjið að sauma. Vélin saumar nú sauminn, saumar heftispor og stöðvast.

Ath: Notið alhliða áhaldið ef þið viljið hafa fót undir tölunni. Þið getið einnig keypt aukalega fáanlegan tölufót hjá Pfaff PFAFF@umboðinu.



Ístopp

Að gera við lítið gat eða rifu í fatnaði áður en gatið eða rifan verða stærri, getur bjargað viðkomandi flík. Veljið fínna tvinna í lit sem er næst litnum á flíkinni.

1. Setjið efni eða stöðugleikaefni undir gatið eða rifuna.
2. Veljið viðeigandi ístopps spor.
3. Byrjið að sauma fyrir ofan gatið og síðan yfir það.
4. Þegar þið eruð komin yfir gatið ýtið þið á afturábak hnappinn til að ákvarða lengdina á ístopps sporinu. Vélin lýkur sjálfkrafa við sauminn.
5. Sjálfkrafa er gefið að vélin getur saumað samskonar stærð af fering þannig að þið getið haldið áfram að sauma þar til búið er að sauma yfir allt gatið eða rifuna.

Endurveljið sauminn til að afvelja endurtekninguna.

Ath: Táknið fyrir afturábaksauminn (1) hverfur, sem gefur til kynna að endurtekning hafi verið afvalin.





Faldar á gróf efni

Þegar þið saumið yfir þversauma á mjög grófum efnum eins og t.d. gallabuxum, getur komið til þess að fóturinn eigi erfitt með að komast upp á þversauminn. Notið þá alhliða áhaldið til að jafna út hæðina á saumnum. Önnur hliðin á alhliða áhaldinu er þykkari en hin. Notið þá hlið sem hentar best fyrir efnið sem þið eruð að sauma.

Setjið efri TMflytjarann í samband bls. 21 Hægið á vélinni þegar komið er að þykkasta hluta faldsins.

Ath: Það getur verið gott að lengja sporlengdina aðeins þegar verið er að falda þykk efni.



Bútasaumar með handavinnu útliti


Bútasaumar eru yfirleitt saumaðir á þrjú lög af efnum, tvö lög af efni og síðan er vatt á milli efnanna.

1. Þræðið efnin þrjú saman með löngum þræðisporum.
2. Þræðið nálina með glærum "monofilament" tvinna. Notið nál nr. 90 og fínna baðmullartvinna (nr. 60 eða fínna) sem undirtvinna á spóluna.
3. Veljið bútasaumsspor og setjið ráðlagðan saumfót á fóthölduna en hann sjáið þið í saumaráðleggingunum á skjánum.
4. Setjið efri flytjarann TM í samband
5. Þegar þið saumið sporið eigið þið aðeins að sjá undirtvinnann. Þið gætuð aðeins þurft að laga tvinnaspennuna, allt eftir því hvers konar efni, vatt og tvinna þið eruð að nota. Saumið ávallt þrífusaum á afgangsefni til að skoða árangurinn og tvinnaspennuna.

38	39	40	41

Ráðlagðir bútasaumar með handavinnu útliti

Notið jaðarstýringuna fyrir fóthölduna ef þið ætlið að sauma sauma hvern við hliðina á öðrum. Losið um skrúfuna á fóthöldunni og setjið stýringuna í gatið. Stillið fjarlægðina eins og þið viljið hafa hana og festið skrúfuna.



Fríhendis

Fyrir fríhendis sauma takið þið flytjarann úr sambandi (aftan á fríarminum). Setjið aukalega fáanlega fríhendis fótinn með opnu tanni á fóthölduna. Þið færið efnið sjálf með höndunum. Haldið ávallt sama hraða á vélinni og færið efnið einnig með jöfnum mjúkum hreyfingum. Þið búið til sporlengdina um leið og þið færið efnið.

Ath: Þegar þið eruð að sauma fríhendis útsaum, skiptið þið um skrúfuna í nálarhöldunni og setjið löngu skrúfuna sem fylgir með í aukahlutunum.

Ath: Þegar búið er að taka flytjarann úr sambandi flytur vélin ekki efnið lengur. Þið verðið að færa það sjálf.

Fríhendis punkta aðgerð

Fríhendis punkta aðgerð er of notuð í bútasaum. Þessi aðgerð er notuð með flytjarann úr sambandi. Þið færið efnið með höndunum og ákveðið þannig sporlengdina.

1. Stillið vélina á fríhendis saum með beinu spori.
2. Setjið aukalega fáanlega fríhendis fótinn með opnu tanni á fóthölduna. Takið efri flytjarann™ úr sambandi og einnig neðri flytjarann (aftan á fríarminum).
3. Byrjið á því að þræða efnin þrjú saman með tituprjónum og þræðið þau út frá miðjunni og út að jöðrunum. Hafið tituprjónana með. 15 -20 cm. millibili.



Ath: Saumið fyrst prufusaum á afgangsefni. Það er nauðsynlegt að færa efnið í réttu hlutfalli miðað við hraða nálarinnar svo sporin verði ekki of stutt eða of löng. Jafn hraði verður einnig til þess að sporin verða svipuð á lengd.

4. Byrjið að sauma út frá miðjunni. Takið fyrsta sporið og togið undirtvinnann upp á yfirborðið. Saumið nokkur spor þétt við hvort annað til að hefta tvinnana saman.
5. Undirbúið slóð til að sauma eftir og byrjið síðan að sauma punkta aðgerðina fríhendis. Gætið þess að sauma ekki yfir fyrri saum. Saumið þetta á "ruglaðan" hátt.

Blindföldun


Blindfaldur er notaður til að sauma ósýnilega falda á pils, buxur o.fl.. Notið fót nr. 3 með IDT™ Innbyggður efri flytjari

1. Kastid þaðarinn á faldinum.
2. Brjótið og straujið breiddina á faldinum yfir á rönguna.
3. Brjótið hann til baka þannig að u.þ.b. 1 cm standi af faldinum standi út frá brotbrúninni. Rangan á efninu á nú að snúa upp.
4. Setjið efnið undir saumfótinn þannig að brotbrúnin renni meðfram jaðarstýringunni (A).
5. Þegar nálin sveiflast til vinstri í átt að faldbrúninni þá á hún aðeins að stinga lauslega í einn þráðinn af efninu. Ef sporin sjást á röngunni stillið þið jaðarstýringuna A með stilliskrúfu B þannig að sporið sem stingur í faldbrúnina rétt sjáist.



Teygjanlegur blindfaldur

Teygjanlegi blindfaldurinn er sérstaklega hentugur á teygjanleg efni því zik zak sporin í saumnum leyfa efninu að gefa eftir. Gengið er frá faldinum og jaðrinum í einum saum. Það er ekki nauðsynlegt að kasta þaðarinn áður en faldurinn er saumaður.





Til vinstri: Teygjanlegur blindfaldur er nr. 15.

Til hægri: Blindfaldur nr. 16.

Rennilásar


Það eru mismunandi aðferðir við að sauma rennilása í flíkur. Farið því ávallt eftir þeim ráðleggingum sem fylgja sniðunum sem þið notið. Það er hins vegar alltaf nauðsynlegt að sauma sem næst rennilásatönnunum. Rennilásafætinum nr. 4 er hægt að smella hvort sem er vinstra eða hægri megin á fóthölduna, allt eftir því hvernig þið ætlið að sauma rennilásinn við flíkina. Stillið sporleguna þannig að nálin komi eins nálægt tönnum lássins og hægt er, en þið getið valið um 29 mismunandi nálarstöður á þessari vél. Ef rennilásafætinum er smellt á hægri megin, þá verður að færa nálinu aðeins í átt til hægri. Ef rennilásafætinum er smellt á vinstra megin, þá verður að færa nálinu aðeins í átt til vinstri.



Sprettigluggar


Setjið nálina í efstu stöðu.

Sumar aðgerðir er eingöngu hægt að framkvæma þegar nálin er uppi. Ef reynt er að framkvæma þessar aðgerðir með nálina niðri, þá kemur þessi sprettigluggi á skjáinn. Setjið nálina í efstu stöðu og ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum.




Setjið saumfótinn niður.

Saumavélin saumar ekki ef saumfóturinn er í efri stöðu. Setjið saumfótinn niður og ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum á skjánum.




Vélin stillt fyrir tvíburanál

Þegar þið hafið stillt vélin á tvíburanál í stilli valmyndinni kemur sprettigluggi á skjáinn sem minnir ykkur á að vélin sé stillt fyrir tvíburanál. Ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum.




Sporbreidd er takmörkuð þegar tvíburanál er notuð.

Þessi skilaboð koma upp þegar vélin er stillt fyrir tvíburanál og þið reynið að stilla á meiri sporbreidd en viðkomandi tvíburanál þolir. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK hnappinn.




Þennan saum er ekki hægt að nota með tvíburanál.

Þessi sprettigluggi kemur fram þegar vélin er stillt á tvíburanál og þið reynið að velja saum sem ekki er hægt að sauma með tvíburanál. Ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum.



Vélin er stillt á beint spor

Þessi skilaboð koma fram þegar öryggið fyrir sporbreiddina er virkt og þið reynið að stilla á sporbreidd eða sporlegu. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK hnappinn.



Þennan saum er ekki hægt að sauma ef öryggið fyrir sporbreidd er virkt.

Þessi skilaboð koma fram þegar vélin er stillt á öryggi fyrir sporbreidd og þið reynið að velja saum sem er breiðari en 0mm.



Fjarlægið tvinnaflækju undir stingplötunni

Þegar þessi sprettigluggi kemur upp þurfið þið að hreinsa ló og tvinna sem hefur safnast undir stingplötuna og tvinnahnífurinn getur ekki unnið lengur. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK hnappinn.

Remove thread jam
under the stitch plate



Athugið nálartvinnann.

Vélin stöðvast sjálfkrafa ef yfirtvinninn klárast eða slitnar. Þræðið vélina á ný, ýtið á OK og haldið áfram að sauma.

Check needle thread



Vélin þarf á hvíld að halda

Ef vélin stöðvast og þessi sprettigluggi kemur á skjáinn, þá þarf aðeins að hvíla vélina - gæti t.d. hafa hitnað of mikið. Þegar þessi sprettigluggi lokast getið þið haldið áfram að sauma. Þetta hefur engin áhrif á saumaskapinn almennt.



Machine needs
to rest.
Please wait
a moment.

4 Saumaraðir

Aðgerðin fyrir saumaraðir er notuð til að sauma mismunandi sauma, mynstur og stafi í einni saumaröð. Hægt er að setja allt að 60 sauma og/eða stafi í eins saumaröð. Setjið saumaraðirnar í minni vélarinnar og þá getið þið kallað hana fram hvenær sem þið viljið sauma hana aftur. Hægt er að setja svo til alla sauma vélarinnar í saumaraðir, en þó ekki hnappagöt, spor fyrir ístopp og heftingar.

Saumaraðir - Yfirlit


1. Saumflötur
2. Númer á núverandi saum
3. Sporbreidd/Sporstaðsetning
4. Sporlengd/Þéttleiki/Ílangt útlit



Hanna saumarað

1. Ýtið á hnappinn fyrir saumaraðir.
2. Veljið þann saum sem þið viljið nota (sjá bls. 34 hvernig á að velja saum). Saumurinn kemur á saumaflötninn.
3. Veljið bókstaf úr leturgerðunum (2) með því að nota örvarnar á hjólinu og ýtið svo á OK til að setja hann í saumaröðina. Stafurinn verður settur þar sem bendillinn er í saumaröðinni.

Ath: Núverandi staða í saumaröðinni er þar sem bendillinn er staddur. Nýir saumar verða settir inn þar sem bendillinn er staddur. Færið bendilinn til í saumaröðinni með + og - örvarhnöppunum hægra megin við saumaflötninn.



Stafrófin

Stafrófs aðgerð, stafaröð Yfirlit

1. Saumflötur
2. Stafróf
3. Leturgerð (hástafir/lágstafir, venjuleg/sérstök tákn)
4. Val á leturgerð



Hanna setningu

1. Ýtið á leturgerða aðgerðina og hnappinn fyrir saumaröð.
2. Farið með bendilinn í gegn um stafaröðina (1) með + og - hnöppunum sem eru hægra megin við saumflötinn og setjið hann á þann stað sem þið viljið bæta staf inn.
3. Veljið staf úr stafrófinu (2) með. Því að nota örvarhnappana og ýtið síðan á OK til að setja hann á sinn stað. Stafurinn verður settur á þann stað þar sem bendillinn er staddur.



Ath: Valinn stafur í stafrófinu verður auðkenndur.

Veljið stafa og leturgerð

Ýtið á - eða + hnappana rétt við hliðina á gaumvísinum fyrir leturgerðina (3) til að breyta um leturgerð, skipta á milli há og lágstafa, venjulegra og sérstafa og tákna.

Ýtið á - eða + hnappana rétt hægra megin við gaumljósið fyrir leturgerðina (4) til að breyta um letur.

Stillið texta og sauma

Ýtið á hnappinn fyrir saumaröð til að fara í skoðun á saumaröð. Þið getið speglað, stillt lengd og breidd eða breytt þéttleika, ílöngu útliti og staðsetningu á völdum saum eða staf. Stillingarnar eru framkvæmdar alveg eins og í sauma aðgerð. Sjá bls. 35 Þegar þið hafið breytt gildi, verða tölurnar auðkenndar á skjánum til að sýna að þetta séu ekki sjálfgefin gildi.

Ath: Stillingin mun eingöngu hafa áhrif á sporið eða stafinn þar sem bendillinn er staðsettur. Ef þið farið aftur í sauma aðgerð, munu allar stillingar sem þið framkvæmið þar hafa áhrif á alla röðina en ekki verða vistaðar þegar þið farið aftur í stafaröðina.

Saum eða staf eytt í saumaröð

Ef þið viljið eyða saum eða staf færið þið bendilinn á þann saum sem þið viljið eyða og ýtið síðan á "clear" hnappinn. Ef þið viljið eyða allri röðinni, ýtið þið lengur á "delete" hnappinn.




Stjórn á sauma eða stafaröðinni

Þið getið vistað og kallað röðina fram hvenær sem er. Minni vélarinnar getur tekið á móti 60 saumum eða stöfum í einni saumaröð.

Saumaröð vistuð

Vistun á saumaröð fer alveg eins fram og vistun í sauma aðgerð. Sjá bls. 37

Ath: Ef önnur saumaröð er þegar vistuð kemur sprettigluggi á skjáinn og spyr hvort skrifa eða vista eigi yfir hana. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum og ýtið síðan á OK.



Hlaða saumaröðinni inn í vélina

Að hlaða inn saumaröð fer alveg eins fram og í sauma aðgerð. bls. 37 Til að hlaða inn saumaröð, ýtið þið á hleðslu (load) hnappinn.

Ath: Þegar þið hlaðið saumaröð inn í sauma aðgerð, verður gildið sem sýnt verður fyrir saumaröðina stafurinn M.



Saumaröð saumuð

Til að sauma saumaröðina farið þið inní sauma aðgerð með því að ýta á hnappinn fyrir hana, ýtið á start/stop hnappinn eða stígið á fótmótstöðuna. Og saumaröðin er tilbúin Og þið saumið hana samfelld. Ef þið viljið að vélin stöðvist þegar hún er búin að sauma röðina einu sinni þá ýtið þið á tvinnaklippuna á meðan þið eruð að sauma. Þá stöðvast vélin við lok raðarinnar og klippir tvinnana.


Ath: Stillingar sem framkvæmdar eru í sauma aðgerð hafa áhrif á alla saumaröðina. Hins vegar verða þessar stillingar ekki vistaðar þegar þið farið aftur í saumaröðina.



Sprettigluggar í saumaröðum

Ekki er hægt að setja þennan saum inn í saumaröð.

Þessi skilaboð koma ef þið reynið að setja inn hnappagat, heftingu, spor fyrir ístopp eða töluáfestingu inn í saumaröð. Hægt er að setja inn alla aðra sauma en þessa í saumaraðir. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK hnappinn.




Ekki er hægt að vista þennan saum.

Þessi skilaboð koma ef þið reynið að setja inn hnappagat, heftingu, spor fyrir ístopp eða töluáfestingu í minni vélarinnar. Hægt er að vista alla aðra sauma en þessa í minni vélarinnar. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK hnappinn.



Saumaröðin orðin of löng

Þessi skilaboð koma fram ef þið reynið að setja fleiri en 60 sauma eða stafi í eina saumaröð. Lokið sprettiglugganum með því að ýta á OK hnappinn.




Eyða öllum saumum ?

Þessi skilaboð koma fram og biðja ykkur að staðfesta að þið hafið valið að eyða allri saumaröðinni. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum og ýtið síðan á OK.



Skrifa yfir ?

Ef saumur eða saumaröð er fyrir hendi í minni vélarinnar og þið veljið að vista annan saum, koma þessi skilaboð á skjáinn og þið eruð spurð hvort þið viljið skrifa yfir þann saum sem fyrir er í minni vélarinnar. Veljið já eða nei með örvarhnöppunum og ýtið síðan á OK.




5 Útsaums undirbúningur

Yfirlit yfir útsaumstækið


(Tegund EU-3P)

1. Takki til að losa útsaumsækið
2. Stillanlegir fætur
3. Tengill fyrir útsaumstæki
4. Tengistykki fyrir útsaumsramma.
5. Útsaumsarmur



Yfirlit yfir útsaumsramma

- A. Tengi fyrir útsaumsramma
- B. Ytri ramminn
- C. Innri ramminn
- D. Hraðlosun
- E. Festiskrúfa
- F. Hök til að setja fleiri klemmur á
- G. Miðju merki



Mynstur

86 mynstur eru á USB minnislyklinum sem fylgir vélinni. Við ráðleggjum ykkur að afrita þessi mynstur á tölvuna ykkar og hafa þar sem vara eintak (back up), ef þið mynduð týna USB lyklinum, eða þyrftuð að nota hann í annað.

Útsaums bæklingurinn

Flettið í gegn um PFAFF@creative™ 1,5

útsaumsbæklinginn, sem er á PDF skrá á USB minnislyklinum og skoðið öll mynstrin og útsaums stafina. Númer viðkomandi mynsturs, sporafjöldi í mynstrinu og stærð mynstursins eru sýnd til hliðar við hvert mynstur. Ráðlagðir tvinnalitir fyrir hvert litasvæði eru einnig sýndir.

Halið niður vara eintökum af mynstrum

Öllcreative™ 1,5 mynstur og aðrar skrár á USB lyklinum er einnig hægt að finna á heimasíðu okkar. Farið á PFAFF® heimasíðuna www.pfaff.com smellið á "Support" og veljið.creative™ 1,5 Þegar þið ætlið að hala niður skrár eru þið beðin um kóða. Stimplið þá einn:

8200creative


Útsaumsáhalðið tengt við vélina

Það er hulinn tengill aftan á friarminum - sjá mynd. Lokið opnast sjálfkrafa þegar tækið er tengt við vélina.

1. Fullvissið ykkur um að slökkt sé á vélinni.
2. Fjarlægið hólfið yfir fylgihlutina.
3. Rennið útsaumsáhalðinu á friarminn þar til það tengist örugglega við tengilinn. Ef nauðsyn krefur, notið stillanlegu fæturnar þannig að vélin og tækið séu jafnhá.
4. Kveikið á vélinni. Hún fer sjálfkrafa í gang og fer í útsaums aðgerð.
5. Hreinsið til í kring um útsaums svæðið. Spretigluggi kemur fram og biður ykkur að fjarlægja rammann svo vélin geti stillt sig á grunnstöðu. Ýtið á OK. Vélina kvarðar sig og útsaumsarmurinn fer í grunnstöðu.



Athugið að alls ekki má kvarða vélina með útsaumsrammann á tækinu, því það gæti skemmt bæði rammann, nálina, saumfótinn og útsaumstækið. Fullvissið ykkur einnig að ekkert lauslegt sé í kring um vélina áður en þið kvarðið hana þannig að útsaumsarmurinn rekist ekki í eitthvað lauslegt.




Remove hoop.
Disengage IDT.
Attach embroidery
presser foot.




Útsaumsáhalðið fjarlægt

1. Færið útsaumsarminn í geymslustöðu með því að velja "park position" í valkostunum fyrir rammana eða í stillivalmyndinni.
2. Fullvissið ykkur um að slökkt sé á vélinni.
3. Þrýstið á togið í hnappinn vinstra megin neðan til á útsaumstækinu (A) og rennið tækinu til vinstri til að fjarlægja það.
4. Lokið yfir tenglinum lokast sjálfkrafa.
5. Geymið útsaumstækið ávallt í upprunalegu pakkningunum.



Útsauma/Fríhendis fóturinn nr 6 settur á

1. Slökkvið á vélinni
2. Snúið handhjólinu fram á við þar til nálin er í efstu stöðu.
3. Takið efri flytjarann úr sambandi TM og lyftið saumfætinum.
4. Fjarlægið saumfótinn og fóthölduna með því að fjarlægja skrúfuna (A).
5. Setjið útsaums/fríhendisfótinn nr.6 þannig á fótstöngina (B) að armurinn (C) liggi alltaf ofan á nálarskrúfunni (D), Fyrir útsauma skiptum við um nál og veljum útsaumsnál (E).
6. Setjið skrúfuna í fóthölduna (A) og herðið hana. Til að auðveldara sé að komast að er gott að lækka nálina aðeins.




Efnið spennt í útsaumsrammann

Til að ná sem bestum árangri er best að setja styrkingarefni eða undirleggsefni undir efnið sjálft. Þegar þið spennið svona tvö efni í ramma verður að gæta að því að þau séu bæði flöt og rennislétt.

1. Opnið hraðlæsinguna (A) á ytri rammannum og losið um skrúfuna (B). Fjarlægið innri rammann. Setjið ytri rammann á sléttan flöt og látið skrúfuna vera hægra megin að neðanverðu (B). Það er lítil ör í miðjunni á neðri hluta rammans en hún á að standast á við örina sem er á innri rammannum.
2. Setjið stöðugleikaefnið og efnið sjálft ofan á ytri rammann og látið réttuna snúa upp. Setjið innri rammann ofan á efnið og látið örina á rammannum snúa niður á við Ef þið sjáið rammastærðina í neðri hlutanum á innri rammannum þá hafið þið sett rammanna rétt saman.
3. Þrýstið innri rammannum ákveðið inn í ytri rammann.
4. Lokið hraðlæsingunni (A). Stillið þrýstinginn á ytri rammannum með því að herða skrúfuna (B). Til að ná fullkomnum árangri verða efnin að vera bæði slétt og vel strekkt í rammannum.



Ath: Ef þið ætlið að sauma fleiri mynstur á sama efni, opnið þið hraðlæsinguna, færið rammann yfir á nýja staðinn og lokið honum aftur með hraðlæsingunni. Ef þið farið hins vegar yfir á annað efni, þá gætuð þið þurft að stilla þrýstinginn á rammannum með stilliskrúfunni. Reynið aldrei of mikið á hraðlæsinguna.



Ramminn settur á og tekinn af

Rennið rammanum inn í útsaumsarminn framan frá og aftur þar til hann smellur á sinn stað.

Til að fjarlægja rammann frá útsaumsarminum, ýtið þið á gráa hnappinn á tengistykkinu og rennið rammanum fram á við.




6 Útsaumur

Í útsaums undirbúningi getið þið stillt og saumað útsaumsmynstur. Útsaumstækið verður að vera tengt við vélina til að hægt sé að fara í útsums aðgerð. Eftir að hafa hlaðið inn mynstri er um tvær skoðanir að ræða - sauma það (stitch out) og lagfæra það (edit).

Útsaums saumaskapur Skoðun 1

1. Útsaumsflötur
2. Innhlaðið mynstur
3. Stærð á ramma
4. Spor sem eftir eru í litablokkinni (heildarfjöldi spora sem eftir er í mynstrinu).
5. Núverandi litur (heildarfjöldi lita)



Útsaums saumaskapur Skoðun 2

Ýtið á alt hnappinn til að skipta yfir á skoðun 2.

1. Farið í athugunar stöðu (check position).
2. Þræðing
3. Einlitur útsaumur




Útsaums undirbúningur Skoðun

Til að breyta mynstri ýtið þið á breytingar (edit) hnappinn.

1. Snúa mynstri
2. Hæð á mynstri
3. Breidd á mynstri

Ath: Gildum sem hefur verið breytt frá sjálfgefnum gildum eru auðkennd. Útsaumsmynstrið kemur á skjáinn um leið og þið byrjið að sauma.

Til að fara aftur í útsaums -skoðun ýtið þið á hynappinn fyrir saumaskap (stitch out).




Upplýsingar um mynstur

Ýtið á Info hnappinn til að skoða upplýsingar um innhlaðið mynstur.

Ath: Vélin stöðvast ef þið ýtið á hnappinn á meðan vélin er í gangi.

Nafn á mynstri og/eða númer



1. Nafn á mynstri og/eða númer
2. Staðsetning mynsgturs
3. Listi yfir tvinnaliti

Sýnir nafn og númer á núverandi innhlöðnu mynstri.

Staða mynsturs

Sýnir um hversu marga millimetra mynstrið hefur verið fært frá miðju rammans.

Listi yfir tvinnaliti

Allir tvinnalitir eru sýndir í þeirri röð sem þeir verða notaðir í mynstrinu. Allir sýndir litir eru sýndir í réttri röð, með nafni og tvinnategund. Notið upp og niður örvarhnappana til að skoða alla .litina á listanum.

Úsaums saumaskapur

Hlaðið mynstri í vélina

Vélin er með 15 innbyggð útsaumsmyndur og einnig eru 86 útsaumsmyndur á USB minnislyklinum. Öll myndin er hægt að skoða í **creative™ 1,5**útsaums myndurbókinni sem eru á PDF skrá á USB minnislyklinum.

Innbyggðu mynstri hlaðið inn



Með útsaumstækið tengt við vélina notið þið beinvalstakkana til að stimpla númer myndstursins inn á flötinn. Viðkomandi myndur kemur í útsaums saumaskap á útsaumsflötinn.

Myndur hlaðið inn frá USB minnislyklinum

1. Til að hlaða inn myndri frá USB minnislyklinum setjið þið lykilinn í USB tengilinn hægra megin á vélinni . Útsaumsáhalðið verður að vera tengt við vélina og þið ýtið svo á innhleðslu hnappinn. Vélin getur tekið á móti myndurskrám í .vp3 sniði.
2. Notið örvarhnappana til að velja möppu (folder) og ýtið síðan á OK til að opna hana. Til að fara til baka í fyrri möppu, veljið þið efstu línuna og ýtið á OK.
3. Veljið myndrið sem þið viljið skoða og ýtið á OK til staðfestingar. Vélin mun hlaða myndrinu inn á útsaumsflötinn og er tilbúið í útsaums saumaskap.

Ath: Ef þið hafið hlaðið inn myndri og þið hlaðið inn öðru myndri þá mun seinna myndrið koma í stað fyrri myndstursins.

Pegar þið vistið myndur á USB minnislykilinn frá tölvunni ykkar, gætið þá að því að búa ekki til of margar undirmöppur því það myndi búa til skráarslóð sem yrði of löng. Gætið einnig að því að hafa nafnið á skránni stutt.



Leturgerð hlaðið inn

Í vélinni eru tvær leturgerðir “curltz” og “Graphite” í þremur mismunandi stærðum. Veljið leturgerð **creative™ 1,5**úr útsaums mynsturbókinni og stimplið inn númerið (curltz: 200, 201, 202 eða grafit: 300, 301, 302) með því að nota lyklaborðið. Letrinu verður nú hlaðið inn í útsaums textaritilinn (text-editor).

Letri hlaðið inn frá USB minnislyklinum

Þið getið hannað fleiri leturgerðarskrár með því að nota útsaums kynningar hugbúnaðinn (intro software). Sjá bls. 26

1. Ýtið á hleðslu hnappinn með USB lykilinn tengdan við vélina. Vélin getur hlaðið inn allar leturgerðir sem eru í .vp3 sniði,
2. Veljið þá leturgerð sem þið viljið nota og ýtið á OK til staðfestingar. Letrinu verður nú hlaðið inn í útsaums textaritilinn (text-editor).



Ath: Leturgerðarskrár eru auðkenndar með þessu tákni.

Útsaums textaritill (Editor)

Stafróf kemur fram um leið og þið hafið hlaðið inn leturgerð. Útsaums textaritillinn vinnur alveg eins og þið séuð í saumaröðum, sjá bls. 47

1. Hannið ykkar texta með því að velja stafina með örvarhnöppunum.
2. Staðfestið valið með því að ýta á OK hnappinn.
3. Ýtið á hnappana - eða + fyrir aðra röð til að breyta um leturgerð.
4. Þegar þið viljið sauma textann ykkar, ýtið þið á hnappinn fyrir saumaskap (stitch-out) til að færa textann í útsaums saumaskap. Í feringinn kemur nú innhlaðni textinn.
5. Ýtið á útsaums-undirbúnings (edit) hnappinn til að snúa eða stilla lengd og hæð á textanum með því að ýta á viðkomandi - og + hnapp.

Ath: Ýtið á Stafrófs aðgerð, saumaraða hnappinn til að fara aftur inn í útsaums textaritilinn. Allar stillingar sem framkvæmdar voru í sauma og textaritils aðgerð verða afturkallaðar ef þið farið aftur inn í textaritilinn. Sprettigluggi kemur upp og spyr hvort þið viljið fara til baka í útsaums saumaskap. Veljið já til að fara til baka í aðgerðina útsaums saumaskap. Allar stillingar ykkar verða nú óbreyttar. Veljið Nei til að opna á ný fyrir útsaums textaritilinn. Öllum stillingum sem framkvæmdar voru fyrr, verður nú eytt. Veljið Já eða Nei með örvarhnöppunum og ýtið síðan á OK.



Útsaums textaritill - skoðun

1. Textaflötur
2. Stafróf
3. Letur stillt (hástafir/lágstafir, venjuleg/sérstök tákn)
4. Upplýsingar um lengd textans
5. Upplýsingar um hæð textans



Rammastærðir

Notið - eða + hnappana rétt hægra megin við táknið fyrir rammastærðina til að skruna í gegn um listana yfir fáanlegar rammastærðir, og þá einnig þá sem hægt er að kaupaPFAFF@aukalega. Allt eftir stærð mynstursins, þá er ekki hægt að velja allar rammastærðir fyrir þessa vél og í þeim tilfellum mun vélin gefa frá sér hljóðmerki.

Ath: Ef þið byrjið að sauma út og ramminn sem þið völduð er ekki sá sami og er á vélinni þá kemur sprettigluggi upp og lætur ykkur vita. Setjið réttan ramma á vélina eða veljað annan ramma af listanum.




Útsaums skoðun 1

Stöður útsaumsramma

Opnið stilli valmyndina til að velja mismunandi rammastaðsetningar.

Núverandi staða

Þegar þið viljið fara aftur á núverandi spor og byrja að sauma þar sem þið voruð áður á, þá veljið þið valkostinn núverandi staða. Þið getið einnig ýtt á start/stop hnappinn einu sinni til að fara á núverandi spor og haldið áfram að sauma út.



Geymslustaða

Þegar þið hafið lokið við útsauminn, fjarlægið þið rammann og veljið geymslustöðuna fyrir vélina.



Það er mjög áriðandi að ramminn sé fjarlægður áður en þið veljið geymslustöðu því annars getið þið skemmt rammann og vélina.

Klippistaða

Klippistaða mun færa rammann fraim á við að ykkur, sem gerir ykkur auðveldara að klippa efnið þegar þið eruð að sauma applíkeringar.

Miðstaða

Notið miðstöðuna (center position) ef þið viljið færa nálina í miðju rammans.

Spor sem eru eftir í litablokkinni


Gildin tvö sem sýnd eru í miðjunni hægra megin á skjánum sýna sporin sem eftir er að sauma í núverandi litablokk og fjöldi spora sem eftir á að sauma í mynstrinu sjálfu (innan sviga). Ýtið á + eða - hnappana til að fara spor fyrir spor í mynstrinu fram á við eða aftur á bak. Ef tvinninn slitnar er nausynlegt fyrir ykkur að fara nokkur spor aftur á bak áður en þið haldið áfram að sauma.



Útsaums skoðun 1

Núverandi litur


Gildin sem eru sýnd í neðra hægra horninu eiga við núverandi litablokk og heildarfjölda litablokka í mynstrinu (sýnd í svigum). Notið + og - hnappana til að fara áfram eða aftur á bak í litablokkunum.



Útsaums skoðun 1

Færið ykkur á athugunar stöðu (check position)

Þið getið farið um allan saumaflötinn. Ýtið á + hnappinn í fyrstu röðinni til að færa rammann þannig að nálin verði staðsett í efra vinstra svæði rammans þar sem sauma á mynstrið. Í hvert sinn sem þið ýtið á + hnappinn færir ramminn til að skoða eða staðsetja öll hornin á mynstrinu. Í fimmta sinn sem þið ýtið á + hnappinn færir nálin þannig að hún er fyrir ofan miðjuna á viðkomandi mynstri. Í sjötta skiptið sem þið ýtið á hnappinn fer nálin í upprunalega stöðu. Ef ýtt er á - hnappinn mun ramminn færast aftur á bak í öfugri röð. Ramminn færir fyrst á miðstöðuna á mynstrinu og síðan í öll hornin.




Saumaskoðun 2

Þræðing

Ýtið á - eða + hnappana í annarri röðinni og þá saumar vélin þræðispor í kring um mynstursvæðið.

Þræðisporin tryggja að efnið sjálft er þrætt við undirleggsefnið og þetta er að sjálfsögðu mjög þægilegt ef ekki er hægt að spenna efnið sjálft í rammann. Þræðing er líka mjög nauðsynleg þegar verið er að sauma út á teygjanleg efni. Hún sýnir einnig hvar mynstrið mun kom á efnið.

Ath: Á meðan á þræðingu stendur er mynsturflöturinn sýndur með doppóttri línu.



Saumaskoðun 2

Einn litur

Ýtið á - eða + hnappana í þriðju röðinni til að gera einlitan útsaum virkan. Vélin stöðvast nú ekki þar sem hún stöðvaði áður til að skipta um lit. Ýtið aftur á hnappinn til að gera einlitan útsaum óvirkan.

Ath: Þegar eins útsaumur með einum lit er virkur kemur svartur rammi í kring um saumflötinn á skjánum.



Saumaskoðun 2

Hraði vélarinnar

Þið getið ákveðið hraðann á vélinni með því að ýta hraðastillingunum upp eða niður. Það á alveg eins við í sauma aðgerð, sjá bls. 30




Tvinnaspennan

Þegar þið eruð að sauma út með sérstökum tvinna eða á einhver sértök efni gætu þið þurft að breyta tvinnaspennunni til að ná sem bestum árangr.

Tvinnaspennunni er hægt að breyta í valmyndinni fyrir stillingar. sjá.. bls. 31

Byrjað að sauma út


1. Takið til í kring um vélina og gefið útsaumsarminum og rammanum nægjanlegt rými.
 2. Fullvissið ykkur um að slökkt sé á vélinni og rennið útsaumsáhalðinu á vélina og tengið það örugglega við tengilinn við friarminn. Kveikið á vélinni. Hún fer sjálfkrafa í gang og fer í útsaums aðgerð. Sprettigluggi kemur fram og biður ykkur að fjarlægja rammann svo vélin geti stillt sig á grunnstöðu. Ýtið á OK. Vélina kvarðar sig og útsaumsarmurinn fer í grunnstöðu.
 3. Fullvissið ykkur um að efri™ flytjarinn sé ekki í sambandi og setjið útsaumsfótinn á vélina. Setjið spólu með finum undirtvinna í vélina.
 4. Veljið númer mynsturs í vélinni með því að stimpla inn númer þess eða veljið mynstur af USB minnislyklinum og ýtið svo á OK til að hlaða það inn og sauma.
 5. Mynstrið verður staðsett í miðjum rammanum.
 6. Spennið efni og undirleggsefni í rammann og setjið hann síðan á útsaumsarminn.
 7. Þræðið vélina með fyrsta tvinnalitnum á listanum.
 8. Setjið saumfótinn niður. Haldið í tvinnann og ýtið á start/stopp hnappinn eða stígið á fótmótstöðuna. Vélina byrjar að sauma en stöðvast síðan sjálfkrafa eftir nokkur spor. Sprettigluggi kemur fram og þið eruð beðin um að klippa tvinnaendann. Klippið tvinnann og ýtið síðan á OK. Haldið áfram að sauma með því að ýta á start/stop eða stígið á fótmótstöðuna.
- Ath: Sjálfvirktt stopp fyrir klippivinnu er sjálfgefni. Opnið stilli valmyndina til að gera þessa stillingu óvirka. Sjálfvirktt stopp er ekki virkt ef þið notið fótmótstöðuna við útsauma.*
9. Þegar vélina er búin að sauma með fyrsta litnum stöðvast hún. Sprettigluggi biður ykkur um að skipta um tvinnalit. Þræðið nýja litinn og ýtið síðan á OK. Haldið áfram að sauma með því að ýta á start/stop hnappinn eða stíga á fótmótstöðuna. Vélina heftir fyrir litina við lok hvers litasvæðis og klippir síðan undir og yfirtvinnana.
 10. Þegar vélina lýkur við mynstrið klippir hún bæði yfir og undirtvinnana. Sprettigluggi kemur upp og lætur ykkur vita að þið séuð búin að sauma allt mynstrið. Ýtið á OK. Lyftið saumfætinum og fjarlægið rammann.



Útsaums undirbúningur

Til að undirbúa mynstrið ýtið þið á útsaums undirbúning (edit). Þegar þið ýtið á hnappinn fyrir saumaskapinn, fer vélin yfir í útsaums saumaskap.

Ath: Þegar þið ýtið á start/stop hnappinn eða stígið á fótstöðuna fer vélin sjálfkrafa í útsaums saumaskap og byrjar að sauma.



1. Snúið
2. Hæð á mynstri
3. Breidd á mynstri

Þið getið snúið mynstrinu um miðjupunkt þess. Notið - og + hnappana rétt hægra megin við snúningstáknið til að snúa því. Í hvert sinn sem þið ýtið á + hnappinn snýst mynstrið um 90° réttsælis. Ýtið á - hnappinn og mynstrið snýst rangsælis. Vinstra megin við snúningstáknið á skjánum getið þið séð um hve margar gráður þið hafið snúið mynstrinu.

Ath: Sum mynstur er of stór til að hægt sé að snúa þeim í 90° þrepum. Í hvert sinn sem þið ýtið og eruð með það stór mynstur snýst það um 180°. P táknið mun snúast í samræmi við þá stillingu, og gefur þá til kynna hvernig mynstrið snýr á útsaumsfletinum.

Hæð á mynstri

Þið getið hækkað eða lækkað hæðina á mynstri um 20%. Notið - eða + hnappana rétt hægra megin við táknið fyrir mynsturhæðina. Mynsturhæðin breytist um 5% í hvert sinn sem þið ýtið á viðkomandi hnapp.

Breidd á mynstri

Þið getið breikkað eða mjókkað mynstrið um allt að 29%. Notið + og - hnappana. Mynsturbreiddin breytist um 5% í hvert sinn sem þið ýtið á viðeigandi hnapp.

Færa mynstur til

Notið hjólið til að færa mynstur hvert sem er á útsaumslefinum. Þið sjáið á skjánum hve langt þið hafið fært mynstrið frá upprunalegri stöðu þess. Ýtið á OK hnappinn til að miðjusetja mynstrið í rammanum.



Speglun

Notið speglunar hnappana til að spegla mynstrið annað hvort hliðar eða endaspeglun. Táknin birtast þegar þið ýtið á þessa hnappa.

Ath: Þ táknid speglast í samræmi við stillingarnar.



Útsaums sprettigluggar

Kvörðun á útsaumsáholdinu


Pegar útsaumsáholdið er tengt við vélina kemur sprettigluggi fram og þið eruð beðin um að fjarlægja rammann og taka til í kring um vélina til að hægt sé að kvarða útsaumsarminn. Ýtið á OK. Vélin kvarðar sig og útsaumsarmurinn fer í grunnstöðu.

Ath: Það er mjög áriðandi að fjarlægja rammann, því annars getur hann eða útsaumsáholdið skemmt við kvörðunina.




Ekki rétt útsaumsáhald (Embroidery Unit not Supported). Skiptið um útsaumsáhald.

Þið getið aðeins notað útsaumsáholdið sem fylgdi með ykkar vél. Setjið rétt áhald á vélina.




Kvörðunin mistókst (Calibration Failed).

Vélinni tókst ekki að kvarða tækið. Takið til í kring um vélina þannig að útsaumsarmurinn rekist ekki í neitt og ýtið síðan á OK hnappinn.




Lyftið saumfætinum. (Please raise the Presser Foot)

Sumar aðgerðir er eingöngu hægt að framkvæma með saumfótinn uppi. Þegar þið reynið að framkvæma þessar aðgerðir með saumfótinn niðri koma þessi skilaboð á skjáinn. Lyftið saumfætinum og ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum.



Setjið saumfótinn niður (Please Lower the Presser Foot)

Vélin saumar ekki ef saumfóturinn er uppi. Setjið saumfótinn niður og ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum á skjánum.




Setjið réttan ramma á vélina. (Attach Correct Hoop)

Vélin saumar ekki þegar stærðin á rammanum á vélinni stenst ekki á við stærðina á rammanum á skjánum. Breytið rammastærðinni í samræmi við stærðina á skjánum, eða breytið stillingunum þannig að þær passi við valinn ramma. Rammastærðir, bls. 57

Correct hoop not attached, please attach correct hoop.


**Athugið nálartvinnann (Check Needle Thread)**

Vélin stöðvast sjálfkrafa ef yfirtvinninn klárast eða slitnar. Þræðið vélina á ný - ýtið á OK og haldið áfram að sauma með því að ýta á start/stop hnappinn eða stíga á fótmótstöðuna.

**Klippið tvinnaendann (Cut Thread End)**

Þegar þið byrjið að sauma út eða eftir að þið skiptið um tvinnalit, saumar vélin aðeins nokkur spor, stöðvast svo þannig að þið getið klippt tvinnaendann.

Ath: Sjálfvirkir stopp fyrir klippivinnu er sjálfgefin. Opnið stilli valmyndina til að gera þessa stillingu óvirka. Sjálfvirkir stopp er ekki virkt ef þið notið fótmótstöðuna við útsauma.

**Skiptið um tvinnalit (Change Thread Color)**

Þegar skipta á um tvinnalit stöðvast vélin og klippir báða tvinnana. Skiptið um tvinnalit og þræðið vélina á ný. Næsti tvinnalit er sýndur í sprettiglugganum.

Þessi sprettigluggi kemur líka þegar vélin stöðvast sjálfkrafa þegar þið þurfið að klippa efnið ef þið eruð að vinna við **creative™ 1,5** gatasaum, applíkeringar o.þ.h..

Lesið um útsauma safnið í bls. 50

Change thread color.
New color:
RaRa 2494
Cabernet

**Útsaumurinn búinn (Embroidery Finished)**

Sprettiglugginn lætur ykkur vita að útsaumurinn sé tilbúinn. Ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum.

Embroidery finished

**Tengið USB lykilinn við vélina (Connect a USB Embroidery Stick)**

Ef þið ýtið á hleðsluhnappinn í útsaums aðgerð án þess að USB minnislykillinn sé tengdur við vélina þá kemur þessi sprettigluggi á skjáinn. Tengjið USB minnislykilinn við vélina og ýtið á OK til að hlaða inn mynstri.

**Upplýsingarnar á USB lyklinum eru ekki læsilegar (Data on USB Embroidery Stick is Not Readable)**

Þessi sprettigluggi kemur upp þegar vélin getur ekki lesið upplýsingarnar á minnislyklinum. Þetta getur komið fyrir ef vitlaus skráarsnið hafa verið vistuð á lyklinum. Aðrar ástæður geta verið að USB lykillinn sé skemmdur eða að hann sé ekki samrýmanlegur vélinni.

The data on the USB embroidery stick is not readable



Mynstur innihalda þætti sem ekki er hægt að opna(Design includes Elements That Cannot Be Opened)

Sum mynstur geta verið samsett úr mörgum mynstrum eða innihaldið þætti sem ekki er hægt að opna. Notið ókeypis "intro" hugbúnaðinn til að endurvista mynstur sem samsett mynstur.

Design includes elements that cannot be opened.

**Fjarlægð rammann (Remove the Hoop)**

Þessi sprettigluggi kemur upp þegar aðgerð hefur verið valin sem ætlar að þröngva áhaldinu til að færa sig lengra en hægt er fyrir viðkomandi ramma. Til að armurinn geti fært sig hindrunarlaust fjarlægð þið rammann og ýtið síðan á OK.

Remove the hoop, then press OK

**Stopp skipanir í mynstrinu (Stop Commands in Design)**

Sprettiglugginn kemur fram þegar stopp skipun hefur verið sett inn í forrit mynstursins. Vélin stöðvast. Ýtið á OK til staðfestingar og haldið síðan áfram að sauma út.

Stop command in design.

**Mynstrið er of stórt eða inniheldur of mörg spor (Design too large...)**

Þessi sprettigluggi kemur fram ef stærðin á mynstrinu sem þið eruð að reyna að sauma er of stórt eða að það inniheldur of mörg spor. Vélin getur ráðið við mynstur sem innihalda allt að 50.000 spor. Ýtið á OK hnappinn til að loka sprettiglugganum og veljið annað mynstur.

This design is too large for the embroidery unit.

**Það mun endurræsa og hreinsa allar stillingar og fara aftur í saumaskap.**

Þessi sprettigluggi kemur upp ef þið ýtið á hnappinn fyrir saumaraða aðgerðina eftir að þið hafið byrjað að sauma út og til að fara til baka í texaritil og breyta útsaumstextanum. Ef þið veljið NEI mun textaritillinn opnast og allar þær stillingar sem þið framkvæmduð í útsaums aðgerð verða afturkallaðar. Ef þið veljið JÁ farið þið aftur í útsaums aðgerð og allar stillingar ykkar verða óbreyttar. Notið örvarhnappana til að velja já eða nei og ýtið síðan á OK hnappinn.

This will restart and clear all adjustments, return to stitch out?

Yes ◀ (OK) ▶ No

7 Umhirða

Hreinsun á vélinni


Til að halda vélinni í góðu lagi þurfið þið að hreinsa hana oft. Ekki þarf að smyrja þessa vél. Strjúkið vélina að utan með hreinum og mjúkum klút til að hreinsa ryk og ló af henni. Strjúkið skjáinn með aðeins rökum en mjúkum klút.

Hreinsun á spólusvæðinu



Takið flytjarann úr sambandi og slökkvið á vélinni.

Takið saumfótinn af fóthöldunni. Ýtið á hnappinn (A) til hægri til að losa um lokið yfir spólunni og fjarlægið lokið (B) fjarlægið einnig spóluna. Notið skrúfjárníð til að fjarlægja skrúfurnar tvær (C) sem halda stingplötunni. Fjarlægið stingplötuna. Hreinsið flytjarana og svæðið í kring um spóluna með burstanum sem fylgdi með vélinni.



Hreinsað undir spólusvæðinu

Hreinsið svæðið undir spólunni í hvert sinn sem þið hafið notað vélina í nokkur skipti eða í hvert sinn sem þið sjáið að óhreini og ló hafa safnast fyrir þar. Fjarlægið spóluhúsið með því að lyfta því upp. Hreinsið svæðið með burst og hreinum klút.




Farið varlega þegar þið hreinsið í kring um tvínnanífana (B).

Setjið spóluhúsið á sinn stað og gætið að því að titturinn (A) fari inn í stopparann (C).

Ath: Notið aldrei loft til að blása inn í þetta svæði. Þá getur lóin og óhreinið bara farið lengra inn í vélina.


Ath: Þegar þið notið aukaleg áhöld PFAFF® Nálar fyrir klippisauma, þá er nauðsynlegt að hreinsa spólusvæðið oft.



Stingplatan sett á sinn stað

Með flytjarann úr sambandi setjið þið stingplötuna aftur á sinn stað og festið hana með skrúfunum tveim.

Setjið lokið aftur á sinn stað.



Gangtruflanir og ráð við þeim

Hér getið þið e.t.v. fundið lausn á þeim vandamálum sem upp geta komið. Hafið samband við umboðsaðila okkar PFAFF® til að fá frekari upplýsingar og ráðleggingar.

Almenn vandamál

Tvinnaklippurnar klippa ekki tvinnana?	Fjarlægjið stingplötuna og hreinsið svæðið í kring um spólusvæðið
Efnið færast ekki?	Er flytjarinn í sambandi?
Rangt spor, óreglugt eða of mjótt spor?	Stilling fyrir tvíburanál í sambandi, sporbreiddaröryggið í stilli valmyndinni.
Nálin brotnar?	Setjið nálin rétt í nálarhölduna eins og ráðlagt er sjá bls. 23. Notið rétta nál fyrir viðkomandi efni og tvinna.
Vélin saumar ekki?	Athugið hvort allir tenglar séu í sambandi og rafmagn sé á vegg tenglinum. Gætið að því hvort tengillinn frá fótmótstöðunni sé ekki örugglega tengdur við fremri tengilinn á hægri hlið vélarinnar. Ýtið arminum fyrir spólarann í saumastöðu.
Aðgerðarhnapparnir fyrir sauma og útsauma virka ekki við snertingu?	Tenglarnir og aðgerðarhnapparnir á vélinni geta verið viðkvæmir fyrir stöðurafmagn. Ef hnapparnir virka ekki við snertingu slökkvið þá á vélinni og kveikið á henni aftur. Ef lausn fæst ekki á vandamálinu hafið þá samband við PFAFF® umboðsaðilann.

Vélin hleypur yfir spor

Er nálin rétt sett í nálarhölduna?	Setjið nálin rétt í nálarhölduna eins og ráðlagt er sjá bls. 23
Er röng tegund af nál í vélinni?	Notið nálar 130/705H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er réttur saumfótur á vélinni?	Setjið réttan saumfót á vélina.
Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið?	Fullvissið ykkur um að nálin sé rétt fyrir viðkomandi tvinna.

Yfirtvinninn slitnar

Er nálin rétt sett í nálarhölduna?	Setjið nálina rétt í nálarhölduna eins og ráðlagt er sjá bls. 23
Er röng tegund af nál í vélinni?	Notið nálar 130/705H.
Er nálin bogin eða oddlaus?	Setjið nýja nál í vélina.
Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Er nálin of fín fyrir tvinnann sem þið notið?	Setjið réttan grófleika af nál í nálarhölduna.
Eru ið að nota hnökróttan eða gamlan og þurran tvinna?	Notið ávallt gæðatvinna PFAFF®- það marg borgar sig.
Er rétt skífa á tvinnakeflunum?	Notið rétta stærð af skífu fyrir tvinnakeflin.
Er besta staða fyrir tinnakeflið notuð?	Reynið aðra stöðu fyrir tvinnakeflið.
Er gatið. á stingplötunni skemmt?	Skiptið þá um stingplötu.

Undirtvinninn slitnar

Er spólan rétt sett í vélina?	Yfirfarið undirtvinnann.
Er gatið. á stingplötunni skemmt?	Skiptið þá um stingplötu.
Er spólusvæðið hreint?	Hreinsið ló og óhreinindi úr svæðinu og athugið að nota ávallt rétta tegund af spólum fyrir þessa vél.
Er rétt spólað á .spóluna?	Spólið á nýja spólu.

Sporin í saumnum eru ójöfn

Er tvinnaspennan rétt?	Yfirfarið tvinnaspennuna og einnig þræðinguna.
Eru þið að nota lélegan og þurran tvinna?	Skiptið um tvinna
Er undirtvinninn jafnt spólaður á spóluna?	Yfirfarið.
Er rétt nál notuð?	Setjið rétta nál eins og lýst er í sjá bls. 22

Vélin flytur efnið óreglulega eða alls ekki

Er vélin rétt þrædd?	Yfirfarið þræðinguna.
Hefur ló safnast á milli flytjraraðanna?	Fjarlægið stingplötuna og hreinsið á milli tannaraðanna.
Er flytjarinn í sambandi?	Setjið flytjaraðinn í samband.

Get ekki saumað hnappagat

Vélin gefur frá sér hljóðmerki þegar ég nota eins þrepa hnappagatafótinn 5 ?	Fullvissið ykkur um að hólfin fyrir fylgihlutina sé á vélinni og að armurinn fyrir hnappagötin sé alveg niðri. Setjið fótinn varlega niður.
--	---

Útsaumsmyndin er bjagað

Eru efnin rétt spennir í rammann?	Efnin verða að vera rétt spennir í rammann.
Er innri ramminn örugglega rétt settur í ytri rammann?	Spennið efnin þannig í rammann að innri ramminn sé rétt settur og snúi rétt í ytri rammanum.

Útsaumamynstrið rykkist

Notið þið rétt eða gott undirleggsefni?	Fullvissið ykkur um að þið notið rétt undirleggsefni fyrir þá tækni og efni sem þið eruð að sauma.
---	--

Vélin vill ekki sauma út

Er útsaumsáhalðið rétt sett á vélina?	Fullvissið ykkur um að útsaumsáhalðið sé rétt tengt við tengilinn á vélinni.
Notið þið réttan ramma?	Setjið réttan ramma á útsaumstækið.

Látið umboðið fara reglulega yfir vélina PFAFF® ykkar

Ef þið hafið farið yfir allt hér að framan og hafið enn við vandamál að stríða, farið þá með vélina til þjónustuaðilans. Ef þið eigið við eitthvað ákveðið vandamál að stríða þá er alltaf gott að láta saumaða prufu fylgja með sem sýnir vandamálið. Slík prufa segir oft meira en þúsund orð.

Notið eingöngu PFAFF hluti í þessa vél.

Ábygð vélarinnar getur fallið niður ef þið notið hluti frá öðrum framleiðendum.

Tæknilegar upplýsingar

Saumavél

Fyrir spennu	100-240V - 50-60 rið
Venjuleg rafmagnsnotkun	55W
Ljós	Díóðu
Saumhraði	Hámark 800 snúningar á mínútu
Mál á vél:	
Lengd (mm)	480
Dýpt (mm)	193
Hæð (mm)	300
Nettó þyngd (kg)	13

Fótmótstaða

Tegund	C-9000
Fyrir spennu	DC 15V, hárm. 3mA

- Réttur áskilinn til að breyta öllum tæknilegum atriðum án fyrirvara.

A

Afturábak hnappur með gaumljósi.....	29
Almenn vandamál	66
Alt hnappurinn.....	29
Auka keflispinninn	16

B

Birtuskil eða andstæður.....	32
Blindföldun	43
Blokk	13
Breidd á mynstri	61
Bútaumaar	12
Bútaumaar með handavinnu útliti	41
Byrjað að sauma út.....	60

D

Díóðu ljós.....	15
-----------------	----

E

Efnið spennt í útsaumsrammann.....	52
efnin þrjú saman	42
efri™flytjarann	41
efri™ flytjarinn	60
Efri flytjarinn™settur í samband	21
Efri flytjarinn tekinn™ úr sambandi	21
Einn litur.....	58
Endaspeglun	29
er notaður™verður að nota	21

F

Faldar á gróf efni.....	41
fingrum™ um rifflaða hluta.....	21
Fjarlægið rammann (Remove the Hoop)	64
Fjarlægið saumfótinn sem er á vélinni	24
Flatsaumar	12
Fótlyftan.....	24
Fótur fyrir eins þrepa hnappagöt	38
Fríarmur.....	15
Fylgihlutir	8
Færa mynstur til	61
Færið ykkur á athugunar stöðu (check position).....	58

G

Gangtruflanir og ráð við þeim.....	66
Gengið frá vélinni að saum loknum.....	15

Get ekki saumað hnappagat.....	67
Geymslustaða	33, 57

H

Handfang fyrir hraðastillingu	30
Handvirk hnappagöt.....	39
Hanna setningu	47
Hanna sqaumarað	46
Hlaða inn persónulegum saum	37
Hlaða saumaröðinni inn í vélina	48
Hlaðið mynstri í vélina	55
Hliðarspeglun.....	29
Hljóð viðvörðunarkerki.....	32
Hlutir útsaumstækisins	7
Hnappagat með undirleggsþræði.....	40
Hnappagöt	38
Hnappar fyrir	29
Hnappar fyrir beinval	29
Hnappar fyrir bendilinn	29
Hnappar fyrir hjól.....	30
Hnappar og gaumljós.....	28
Hnappur “nálin stöðvast uppi/niðri” með gaumljósi ..	28
Hnappur fyrir.....	29
Hnappur fyrir heftingar	28
Hnappur fyrir klippingu með gaumljósi	28
Hnappur fyrir leturgerðar aðgerð.....	29
Hnappur fyrir sauma aðgerð/útsaums saumaskap	29
Hnappur fyrir saumaraðir/útsaums undirbúning.	29
Hnappur til að eyða	29
Hnappur til að hlaða inn mynstur	29
Hnappur til að vista persónulegum saum eða saumaröð.....	29
Hólf fyrir fylgihluti	7
Hraði vélarinnar	59
Hreinsað undir spólusvæðinu.....	65
Hreinsun á spólusvæðinu	65
Hreinsun á vélinni	65
Hugbúnaðarútgáfa.....	32
Hvernig á að uppfæra vélina ykkar	26
Hæð á mynstri.....	61

I

IDT™ kerfið	21
Info hnappurinn	29
Innbyggðu mynstri hlaðið inn.....	55

Í

Ílangt útlit	35
Ístopp	41

K

Keflispinnar.....	16
Klippistaða.....	33, 57
Kyrilískt letur	13

L

Lárétt staða.....	16
Leiðbeiningar um uppfærslu	27
Letri hlaðið inn frá USB minnislyklinum.....	56
Leturgerð hlaðið inn.....	56
Listasaumar.....	12
Listi yfir tvinnaliti	55
Lóðrétt staða.....	16

M

Miðstaða	33, 57
Mynstur hlaðið inn frá USB minnislyklinum.....	55
Mynstur innihalda þætti sem ekki er hægt að opna(	
Design includes Elements That Cannot Be Opened)...	64

N

Nafn á mynstri og/eða númer	54
Nálar.....	22
Neðri flytjarinn tekinn úr sambandi	23
Núverandi litur.....	58
Núverandi staða	33, 57
Nytjasaumar.....	10
Nýr saumfótur settur á fóthölduna.....	24

O

OK hnappurinn	30
---------------------	----

Ó

Ókeypis kyningarforrit fyrir útsauma.....	26
---	----

P

Persónulegir saumar	37
---------------------------	----

R

Rammastærðir	57
Ramminn settur á og tekinn af	53
Ráðlagðir bútaumar með handavinnu útliti	41
Ráðleggingar um sauma.....	34

Rennilásar	43
------------------	----

S

Saum eða staf eytt í saumaröð.....	47
Saumar fyrir aukalega fáanlega fætur.....	13
Saumaraðir.....	46
Saumaröð saumuð	48
Saumaröð vistuð.....	48
Saumataekni.....	38
Saumfætur.....	9
Saumur valinn.....	34
Séð að aftan	7
Séð að framan.....	6
Séð að ofan	7
Sjálfvirkt stopp fyrir klippivinnu.....	60, 63
Sjálfvirkt stopp til að klippa.....	32
Skipt um nál	23
Skipt um saumfót.....	24
Skjárinn.....	29
Skrautsaumar	12
Skrifa yfir persónulegan saum	37
Snúið	61
Speglun.....	36, 62
Spor sem eru eftir í litablokkinni	58
Sporbreidd/Sporlega	35
Sporin í saumnum eru ójöfn.....	67
Sporlengd/Sporþéttleiki.....	35
Spólað á spóluna.....	19
Spólað frá láretta keflispinnanum.....	19
Spólað í gegn um nálina	20
Spólan sett í vélina	20
Sprettigluggar.....	44
Staða mynsturs	55
Stafróf	13
Stafrófin	46
Stafrófs aðgerð, saumaraða	56
Stafrófs aðgerð, stafaröð	46
Start/Stop hnappurinn.....	28
Stilli valmynd	31
Stillið texta og sauma	47
Stillingar á saumum	35
Stingplatan sett á sinn stað.....	66
Stjórn á sauma eða stafaröðinni.....	48
Stopp skipanir í mynstrinu (Stop Commands in	
Design).....	64
Stöður útsaumsramma	32, 57

T

Tengið og fjarlægð minnislykilinn úr USB	
tenglinum.....	25
Tengið vélina við rafmagn og fótómstöðu.....	14
Teygjanlegur blindfaldur.....	43
Tungumál	32
Tvinnahnífur	15
Tvinnaspennan.....	31, 36, 59
Tvíburanál.....	31

Tölluáfesting	40
---------------------	----

Þræðari fyrir nálina	17
Þræðing	58
Þræðing á tvíburanál	18

U

um flytjara™ og	34
Umhirða	65
Undirtvinninn slitnar	67
Upplýsingar um mynstur	54
Upplýsingarnar á USB lyklinum eru ekki læsilegar (Data on USB Embroidery Stick is Not Readable)	63
USB minnislykill	25
USB minnislyklinum	50
USB tengill	25

Ú

Úsaums saumaskapur	55
Útsauma/Fríhendis fóturinn nr 6 settur á	52
Útsaumamynstrið rykkist	68
Útsaums bæklingurinn	50
Útsaums saumaskapur Skoðun 1	54
Útsaums saumaskapur Skoðun 2	54
Útsaums sprettigluggar	62
Útsaums textaritill - skoðun	57
Útsaums textaritill (Editor)	56
Útsaums undirbúningur	50, 61
Útsaums undirbúningur Skoðun	54
Útsaumsáhalðið fjarlægt	51
Útsaumsáhalðið tengt við vélina	51
Útsaumsmynstrið er bjagað	67

V

Veljið stafa og leturgerð	47
Vélin flytur efnið óreglulega eða alls ekki	67
Vélin hleypur yfir spor	66
Vélin sett í saumavélaborð eða skáp	15
Vélin tekin upp	14
Vélin vill ekki sauma út	68
Vélin þrædd	17

Y

Yfirlit yfir sauma	10
Yfirlit yfir útsaumsramma	50
Yfirlit yfir útsaumstækið	50
Yfirlit yfir vél	6
Yfirtvinninn slitnar	67

Þ

Þriggja þrepa zik zak spor	38
Þrýstingur á saumfótinn	23
Þræða efni	29

Ö


Öryggi fyrir sporbreidd	32
-------------------------------	----

Þið hafið eignast nýttisku uppfæranlega sauma og útsaumsvél Þar sem við gefum reglulega út uppfærslur á hugbúnaði vélarinnar, þá er möguleiki á því að það geti verið einhver mismunur á hugbúnaði vélarinnar og því sem lýst er í þessum leiðbeiningum. Hafið reglulega samband við umboðsaðila PFAFF® vélarinnar og/eða heimsækið heimasíðu okkar www.pfaff.com til að skoða síðustu breytingar á hugbúnaði og leiðbeiningum vélarinnar.

Við áskiljum okkur rétt til að breyta fylgihlutum og fjölda þeirra án fyrirvara eða gera smávægilegar breytingar á vélbúnaði og útliti vélarinnar. Slíkar breytingar munu hinsvegar ávallt koma eigendum og notendum vélanna til góða.

INTELLECTUAL PROPERTY (EIGN Á HUGVERKI)

CREATIVE, Efri flytjari, PFAFF, og PERFECTION STARTS HERE (FULLKOMNUN BYRJAR HÉR) eru vörumerki í eigu Singer Sourcing Limited LLC.



Vinsamlegast athugið eð þegar þessu tæki verður fargað, á að endurnýta hluti þess í samræmi við landslög um förgun rafmagns og reifeindatækja sem eru í gildi í því landi sem tækinu verður fargað. Fargið tækinu aldrei með venjulegu sorpi eða úrgangi, heldur hjá viðurkenndum förgunaraðila. Ef þið eruð í vafa, hafið þá samband við seljanda tækjanna í því landi sem þið eruð, eða hafið samband við yfirvöld á viðkomandi stað. Ef þið eruð að endurnýja vél og fá ykkur nýja vél þá gæti seljandi vélarinnar verið skyldur til að sjá um förgun á gömlu vélinni ykkar og það án gjaldtöku.

Ef rafmagnstækjum er fargað með venjulegu sorpi þá gætu skaðleg efni lekið í grunnvatn landsins og þannig komsit í fæðukeðjuna – og það gæti orðið hættulegt fyrir almenna heilsu manna..

Framleiðandi

VSM GROUP AB SVP Worldwide

Drottningatan 2, SE-56184, Husqvarna, SWEDEN

PFAFF
Perfection starts here.™

www.pfaff.com